

Þorsteinn G. Indriðason

Af hverju góðlátlegur en ekki *góðleglátur?

Um leyfilegar og óleyfilegar viðskeytaraðir í íslensku

1 Inngangur

Fremur lítið hefur verið fjallað um viðskeytaraðir í íslensku (sjá þó Gunnlaug Ingólfsson 1979, Eirík Rögnvaldsson 1988 og Þorstein G. Indriðason 1994) og megintilgangur greinarinnar er að bæta úr því.¹ Hins vegar er til töluvert af rannsóknum á viðskeytaröðum í öðrum tungumálum (sjá t.d. Fabb 1988, Aronoff og Fuhrhop 2002, Hay og Plag 2004, Plag og Baayen 2008 og Manova og Aronoff 2010). Í íslensku máli eru til u.þ.b. 130 viðskeyti samkvæmt Alexander Jóhannessyni (1927). Af þeim eru tæp 50 viðskeyti sem eru vel greinanleg frá samtímalegu sjónarmiði samkvæmt Eiríki Rögnvaldssyni (1987:4).² Ef miðað er við

¹ Þessi grein er að stofni til erindi sem ég flutti við fleiri tækifæri á árinu 2019: á fundi íslenskukennara erlendis við Manitóbaháskóla í Kanada 31. júlí, í rannsóknarhópi í norrænum málvísindum við háskólann í Bergen 16. september, hjá Íslenska málfræðifélaginu og Málvísindastofnun 8. október og á MONS 18 (Møte om norsk språk) í Þrándheimi 27. nóvember. Áheyrendum við þessi tækifæri eru þakkaðar gagnlegar ábendingar. Ég vil enn fremur þakka ónefndum ritrýnum og ritstjóra *Orðs og tungu* ágætar tillögur til úrbóta en allt það sem missagt kann að vera skrifast á minn reikning.

² Eiríkur Rögnvaldsson (1987:3) taldi ekki með viðskeyti sem hann áleit að málnotendur ættu erfitt með að skilja frá rót.

að þessi 50 viðskeyti geti staðið saman, að innbyrðis röð þeirra skipti ekki máli og að viðskeyti geti ekki tengst sjálfum sér þá ættum við að finna a.m.k. 2450 viðskeytaraðir í íslensku.³ Staðfestar viðskeytaraðir eru hins vegar mun færri sem segir okkur að innbyrðis röð viðskeyta sé ekki frjáls heldur bundin ákveðnum skilyrðum sem hefur verið lýst sem valhömlum (e. *selectional restrictions*, sjá t.d. Fabb 1988). Hvaða viðskeyti geta staðið saman innan orðs og hvaða viðskeyti geta það ekki og hverjar eru skýringarnar á því? Í þessari grein verður reynt að finna svör við þessum spurningum og í því skyni voru skoðuð alls 35 viðskeyti og tengingarmöguleikar þeirra við önnur viðskeyti.

Oft getur verið snúið að draga mörkin á milli viðskeyta og annarra bundinna liða (sjá t.d. Þorstein G. Indriðason 2016b:6–9). Í greininni verður miðað við þá almennu skilgreiningu á viðskeyti að það sé orðhluti sem skeytist við grunnorð af ákveðnum orðflokki og að viðskeytingin myndi nýtt orð með nýja merkingu og af nýjum orðflokki, sbr. *hanna* (so.) en *hönnun* (no.) (sjá t.d. Guðrúnu Kvaran (2005:96). Það er þó ekki alltaf svo að nýja orðið sé af öðrum orðflokki en grunnorðið, sbr. *strákur* (no.) og *stráklíngur* (no.).

Ýmsir þættir stjórna viðskeytaröðinni en rýmisins vegna verður hér aðallega hugað að þeim formlegu. Sum viðskeyti geta t.d. nær einungis tengst grunnorðum af ákveðnum orðflokki, sbr. *-erni* sem yfirleitt tengist bara nafnorðum.⁴ Önnur viðskeyti geta ekki tengst grunnorðum sem sjálf eru viðskeytt. Dæmi um þetta er viðskeytið *-látur*, sbr. **góðleglátur*, en viðskeytið getur tengst grunnorðum sem eru eitt atkvæði, sbr. *þrálátur*, *ranglátur* og *kyrrlátur* og jafnvel tvö atkvæði, sbr. *steigurlátur*, þannig að eðli grunnorðsins skiptir máli hér.⁵ Viðskeytið er hins vegar opið fyrir frekari orðmyndun og getur bætt við sig viðskeytum, sbr. *þrálátlega* og *kyrrlátlega*. Önnur viðskeyti, eins og t.d. *-naður*, geta aftur á móti ekki bætt við sig viðskeytum án þess að til komi eignarfallsending á milli þess og seinna viðskeytisins, sbr. *hernað-ar*(ef.et.)-*legur*. Annað slíkt viðskeyti er *-língur*. Það getur opnað fyrir nýja orðmyndun með því að bæta við sig eignarfallsendingu, sbr. *fáráð-ling-s*(ef.et.)-*háttur*.

³ Það er 50 viðskeyti í öðru veldi (2500) að frádregnum 50 viðskeytum þar sem viðskeyti tengjast yfirleitt ekki sjálfum sér (sjá Fabb 1988:528). Hér er horft fram hjá því til bráðabirgða að fáeinar raðir með þremur viðskeytum eru til í íslensku.

⁴ Undantekning frá þessu er *víðerni* þar sem grunnorðið er lýsingarorðið *víður*.

⁵ Hér spyr ritrýnir hvort ástæðan geti ekki verið sú að *-legur* þurfi alltaf að koma aftast en það sem mælir gegn slíku eru dæmi eins og *frjálslegheit*, *frábærlegheit* og *gáfulegheit*.

Þessir þættir ásamt öðrum hafa svo áhrif á fjölda viðskeytaraða í íslensku.

Til þess að kanna nánar hvaða viðskeyti geta staðið saman og hver ekki var gerð rannsókn á tvenns konar viðskeytaröðum í íslensku:⁶

- (1) a. Tenging viðskeyta sem mynda nafnorð, N, við viðskeyti sem tengjast N.⁷
- b. Tenging viðskeyta sem mynda lýsingarorð, L, við viðskeyti sem tengjast L.⁸

Þegar tvö viðskeyti geta staðið saman innan orðs er hægt að gera ráð fyrir því að valhömlur viðskeytanna séu ekki brotnar. Dæmi um (1a) eru viðskeytaraðir eins og *-ing(N)dómur(N)* í *gyð-ing(N)-dómur(N)* og *-dóm(N)leiki(N)* í *guð-dóm(N)-leiki(N)*. Í þessum dæmum eru valhömlur viðskeytanna *-dómur* og *-leiki* ekki brotnar því *-dómur* getur tengst nafnorði, *gyðingur(N)*, og *-leiki* getur sömuleiðis tengst nafnorði, *guðdómur(N)*. Til viðbótar geta svo viðskeytin *-ingur* og *-dómur* bætt við sig viðskeytum og því eru viðskeytaraðirnar *-ingdómur* og *-dómleiki* í lagi.

Dæmi um (1b) eru viðskeytaraðir eins og *-leg(L)heit(N)* í *ró-leg(L)-heit(N)* og *-sam(L)legur(L)* í *skyn-sam(L)-legur(L)*. Hér eru valhömlur viðskeytanna *-heit* og *-legur* ekki brotnar því *-heit* getur tengst lýsingarorði, sbr. *rólegur(L)*, og *-legur* getur sömuleiðis tengst lýsingarorði, *skynsamur(L)*. Viðskeytin *-legur* og *-samur* geta svo bætt við sig viðskeytum og því eru þessar viðskeytaraðir í lagi.

Markmið greinarinnar er tvíþætt; að kortleggja viðskeytingu í íslensku, og þá aðallega viðskeytaraðir, og reyna að skýra það af hverju sumt sé leyfilegt í þeim efnum og annað ekki. Þar er lýsing á valhömlum mikilvæg. Þetta hefur ekki verið gert áður á heildstæðan hátt í sambandi við íslensk viðskeyti. Valhömlurnar eru því fyrst og fremst ágætt tæki til þess að lýsa þessum hlutum og greina þau lögmál sem liggja að baki viðskeytingunni.

Í þeim tilgangi að kortleggja viðskeytaraðir í íslensku og hvaða þættir stjórni því hvaða viðskeyti geti staðið saman og hver ekki var leitað svara við eftirtöldum spurningum:

⁶ Einungis var leitað að viðskeytaröðum þar sem formleg skilyrði fyrir viðskeytingu eru fyrir hendi, þ.e. þar sem orðflokkaskilyrði seinna viðskeytisins passa saman við orðflokk grunnorðsins.

⁷ Viðskeyti sem tengjast N geta t.d. verið viðskeyti sem mynda L eða A (atviksorð).

⁸ Viðskeyti sem tengjast L geta t.d. verið viðskeyti sem mynda N eða L.

- (2) a. Hvaða viðskeyti geta tengst viðskeyttum grunnorðum og hvaða ekki?
 b. Hvaða viðskeyti geta bætt við sig öðrum viðskeytum og hvaða ekki?
 c. Hvaða viðskeyti geta tengst eignarfallsendingum (klofin viðskeyting)?
 d. Er hægt að breyta innbyrðis röð viðskeyta í íslensku til þess að mynda nýjar raðir?

Dæmum til rannsóknarinnar var aðallega safnað úr *Íslenskum orðasjóði* sem er gagnagrunnur geymdur við Háskólann í Leipzig (sjá 4.2.2). Í gagnagrunninn er safnað saman textum af netinu, m.a. af bloggsíðum og heimasíðum. Hann geymir efni frá fjölmörgum tungumálum, þ. á m. íslensku (sjá Erlu Hallsteinsdóttur 2007) og leitað var að viðskeytaröðum sem komu upp við aðgerðirnar sem lýst er í (1).

Efnisskipan greinarinnar er á þá leið að í öðrum kafla verður fjallað um þrjár tilgátur um viðskeytaraðir, m.a. um valhömlur, og í þriðja kafla verður nánar rætt um ýmsar valhömlur við tengingu viðskeyta. Í fjórða kafla verður sagt frá niðurstöðum rannsóknar á tvenns konar viðskeytaröðum í íslensku; annars vegar þar sem fyrra viðskeytið myndar nafnorð og hins vegar þar sem fyrra viðskeytið myndar lýsingarorð og á tengingarmöguleikum þeirra við viðskeyti sem geta tengst orðum af þessum orðflokkum (sbr. 1). Í fimmta kafla verður fjallað nánar um viðskeytaraðir í íslensku og hvaða hömlur eru mögulega þar að verki. Einnig verður fjallað um viðskeyti sem tengjast eignarfallsendingum og nefndar hugsanlegar ástæður fyrir hlutfallslega fáum viðskeytaröðum. Í sjötta kafla eru svo helstu niðurstöður dregnar saman.

2 Þrjár tilgátur um viðskeytaraðir

2.1 Lagskipting orðasafnsins

Innan orðhlutahljóðkerfisfræði (e. *lexical phonology*) var hugmyndin um *lagskiptingu orðasafnsins* (e. *stratum ordered lexicon*) og um samspil lagskiptingarinnar og virkni hljóðkerfisreglna miðlæg (sjá m.a. Kiparsky 1982, 1984, 1985, Rubach 1985, Mohanan 1986, Katamba 1993, Booij 1994 og Þorstein G. Indriðason 1994 um íslensku sérstaklega). Orðhlutafraeðinni, beygingu, viðskeytingu og samsetningu, var skip-

að á ákveðin lög í orðasafninu og í þessum lögum virkuðu hljóðkerfisreglur. Mest var virknin innan beygingar og afleiðslu en minnst innan samsetningarinnar. Hljóðkerfisfræðin byggði þannig á ákveðnu samspili orðasafnsins og virkni hljóðkerfisreglna og þessi virkni var tengd við tengundir orðhlutafræðinnar.

Til þess að skýra nánar þetta samspil orðasafnsins og hljóðkerfisreglna má taka dæmi um virkni lokhljóðunar í íslensku. Reglan lokhljóðarönghljóð annars vegar á undan *n* og hins vegar á undan *l*. Reglan virkar á mismunandi hátt á skilum rótar og tveggja viðskeyta. Hún virkar yfir skilin milli rótar og viðskeytisins *-naður*, sbr. *dugnaður* [dʏgnaðʊr], af *dugur* [dʏ:ɣʊr] en ekki yfir skilin milli rótar og viðskeytisins *-legur*, sbr. *duglegur* [dʏɣlɛɣʊr]. Þessi mismunandi virkni reglunnar bendir til þess að viðskeytin *-naður* og *-legur* eigi heima í tveimur aðskildum lögum í orðasafninu í skilningi orðhluta-hljóðkerfisfræðinnar, annars vegar í orðasafnslagi þar sem reglan er staðsett (*-naður*) og hins vegar í orðasafnslagi þar sem reglan er ekki fyrir hendi (*-legur*).

Samkvæmt þessu var viðskeytum skipt í tvo flokka eftir því hvort þau yllu hljóðbreytingum á grunnorðinu eða ekki. Viðskeyti sem ollu hljóðbreytingum voru flokkuð sem *viðskeyti I*, sbr. *-naður* hér á undan, á meðan viðskeyti sem ekki ollu hljóðbreytingum í rót voru flokkuð sem *viðskeyti II*, sbr. *-legur*. Orðhlutahljóðkerfisfræðin spáði því að viðskeyti I kæmu alltaf innan við viðskeyti II í viðskeytaröð og lagskiptingin átti að endurspegla þá röð. Þessi sundurgreining viðskeyta gekk ágætlega upp í ensku og íslensku og reyndar fleiri málum (sjá t.d. Kiparsky 1982, 1984, Þorstein G. Indriðason 1994 og Kristoffersen 2000). Þannig var hægt að skipta íslenskum viðskeytum í tvo flokka eftir hljóðkerfislegum áhrifum þeirra á grunnorðið og það var yfirleitt þannig að viðskeyti I komu innan við viðskeyti II þegar þau stóðu saman innan orðs. Það sem lá hins vegar ekki ljóst fyrir var hvað stjórnaði innbyrðis röð viðskeyta innan orðs ef viðskeytin voru af sama flokki (sjá Fabb 1998). Lagskiptingin sagði einungis til um röðina ef viðskeytin hefðu mismunandi áhrif á hljóðafar grunnorðsins en ekkert var sagt um röðina þegar tvö viðskeyti, sem hefðu sömu hljóðafarslegu áhrifin á grunnorðið, stæðu saman. Því var einungis haldið fram að tvö viðskeyti af sama flokki ættu að geta staðið saman innan orðs, sbr. (3) um leyfilegar og óleyfilegar viðskeytaraðir:

- (3) a. viðskeyti I + viðskeyti II
 b. viðskeyti I + viðskeyti I
 c. viðskeyti II + viðskeyti II
 d. *viðskeyti II + viðskeyti I

Þannig var röðin viðskeyti I + viðskeyti I leyfileg og sömuleiðis röðin viðskeyti II + viðskeyti II. Röðin *viðskeyti II + viðskeyti I var óleyfileg og lagskiptingin spáði því að hún ætti ekki að koma fyrir neins staðar.

Pegar fram liðu stundir kom fram ýmis gagnrýni á lagskiptinguna og hverju hún hugsanlega spáði. Gussmann (1988) var einna fyrstur til þess að riða á vaðið í ritdómi í *Journal of Linguistics*. Hann var mótfallinn hugmyndinni um lagskiptingu orðasafnsins því hún spáði ekki rétt fyrir um viðskeytaröðina þar eð dæmi myndust í ensku um viðskeyti II sem stæðu innan við viðskeyti I (sjá (3)d.), sbr. *read-abil(vII)-ity(vI)*.⁹ Seinna tóku Aronoff og Furhop (2002:454) og Hay og Plag (2004:569) undir þessa gagnrýni.

2.2 Skýrari viðskeyti utan við þau óskýrari

Hay og Plag (2004) settu fram tilgátu til þess að skýra leyfilegar og óleyfilegar viðskeytaraðir í tungumálum sem byggði á ákveðnu stigveldi viðskeyta við röðun þeirra (e. *complexity hierachy*). Tilgátan fólst í því að skýrt aðgreindari og skiljanlegri viðskeyti kæmu alltaf utan við minna skýrt aðgreind og minna skiljanlegri viðskeyti, sbr. Hay og Plag (2004:571): „The general claim is that affixes can be approximately ordered along a hierarchy of processing complexity, with more separable affixes at one end, and less separable affixes at the other end.“ Enn fremur héldu Hay og Plag því fram að eftir því sem viðskeyti væru óskýrari, bæði hljóðafarslega og merkingarlega, og eftir því sem þau væru fátíðari og minna virk, þá væru minni líkur á því að þau gætu komið utan við önnur viðskeyti. Erfitt er að henda reiður á þessu nema það sé vel skilgreint hvað felist í skýrt að-

⁹ Í ritdómnum beinir Gussmann (1988:238) aðallega gagnrýni sinni að stöðu orðhlutafræðinnar innan orðhlutahljóðkerfisfræðinnar og segir kenninguna að mestu leyti byggja á hljóðkerfislegum atriðum en gera lítið úr hlutverki orðhlutafræðinnar. Hlutverk hennar sé að mestu fólgið í því einu að bæta við viðskeytum og beygingarendingum og mynda samsett orð (sjá einnig samskonar gagnrýni hjá Kristínu Bjarnadóttur 2005:78–82). Sýnt var fram á ýmsa galla kenningarinnar (sjá t.d. Katamba 1993:133–151) og aðrar kenningar komu fram síðar sem þóttu betur til þess fallnar að lýsa samspili orðhlutafræði og hljóðkerfisfræði (sjá t.d. um bestunarhljóðkerfisfræðina (e. *optimality theory*) hjá Archangeli og Langendoen 1997).

greindum og minna skýrt aðgreindum viðskeytum. Hins vegar má finna ákveðnar vísbendingar um það í íslensku að tilgátan geti komið að notum þegar skýra á röð viðskeyta þar. Ýmislegt bendir til þess að viðskeyti í íslensku sem geta staðið utan við önnur viðskeyti séu mestanpart skýr, skiljanleg og vel afmörkuð bæði hljóðafarslega og merkingarlega. Það sést í upptalningu á viðskeytum úr dæmasafni rannsóknarinnar sem geta tengst við viðskeytt grunnorð sem eru nafnorð, sjá (4):

(4)	-dómur	-samur	-óttur	-skapur
	-legur	-semi	-leiki	

Sama á við þau viðskeyti úr dæmasafninu sem tengjast viðskeyttum grunnorðum sem eru lýsingarorð, sbr. (5):

(5)	-legur	-heit	-leiki
	-leikur	-ungur	

Nefna má hér og það verður rætt síðar að viðskeytin í (4) og (5) eru flest kerfisvædd viðskeyti (e. *grammaticalized*) frá sjálfstæðum orðum úr frumnorrænu (sjá t.d. Iversen 1973:162–164). Þau hafa því flest verið sjálfstæð orð á ákveðnum tímapunkti í málsögunni. Vegna þessara tengsla við sjálfstæð orð má því búast við því að þau hafi í sér ákveðinn skýrleika sem ekki önnur viðskeyti hafa og því ekki óeðlilegt að þau komi utan við önnur viðskeyti ef eitthvað er að marka tilgátu Hay og Plag (2004).

2.3 Formlegar hindranir á röð viðskeyta

Eins og áður hefur komið fram voru valhömlur notaðar til þess að lýsa því hvers vegna sum viðskeyti gátu staðið saman og sum viðskeyti ekki. Aronoff og Furhop (2002:451) skilgreina valhömlur á eftirfarandi hátt: “Within most views of morphology, the attachment of a particular affix to a particular base is sensitive to syntactic, semantic, morphological, and phonological information in the base, usually called selectional restrictions.” Fabb (1988:527) gerði grein fyrir miklu safni enskra viðskeyta og röðunarmöguleikum þeirra með valhömlum. Hann hélt því fram að hægt væri að gera grein fyrir viðskeytaröðunum í (3) án þess að grípa til lagskiptingar orðasafnsins og tók þannig undir gagnrýni Gussmann á lagskiptinguna og orðhluta-hljóðkerfisfræðina almennt.

Mikilvæg valhamla í íslensku er sú sem kveður á um að sum viðskeyti geti ekki tengst grunnorðum sem sjálf eru viðskeytt. Þessi hamla kemur í veg fyrir það að viðkomandi viðskeyti geti komið utan á annað viðskeyti og myndað viðskeytaröð. Viðskeytið *-átta* getur aðeins tengst grunnorðum sem eru eitt atkvæði, sbr. dæmi eins og *kunnátta* og *veðrátt* og ekki viðskeyttum grunnorðum. Hamlan kemur hins vegar ekki í veg fyrir að viðskeytið geti opnað á áframhaldandi orðmyndun, sbr. *kunnátt(N)-u(ef.et.)samur(L)*. Hér er um að ræða áframhaldandi orðmyndun því fyrst tengist beygingarending viðskeytinu sem aftur opnar á að annað viðskeyti, *-samur*, geti tengst endingunni.¹⁰ Þetta fyrirbæri verður í greininni kallað *klofin viðskeyting* (sjá 5.4). Í 3. kafla verður gerð nánari grein fyrir ýmsum af þessum valhömlum og því verður ekki farið nánar út í þær hér.

3 Nánar um það hvað stjórnar röð viðskeyta

3.1 Inngangur

Í þessum kafla verður fjallað um ýmsar valhömlur sem geta komið í veg fyrir að tvö viðskeyti geti staðið saman. Eins og áður sagði verður lögð áhersla á að greina formlegar valhömlur (e. *morphological*) sbr. Aronoff og Fuhrhop (2002) hér að framan. Kaflinn er nauðsynlegur undanfari nánari umfjöllunar um hömlur á viðskeytingu í íslensku í 5. kafla. Í viðskeytaröð er fyrra viðskeytið hluti af grunnorði (e. *base*) seinna viðskeytisins. Valhamla grunnorðsins kveður nánar á um það hvert sambandið milli grunnorðsins og viðkomandi viðskeytis þurfi að vera til þess að viðskeyting geti farið fram og valhamla ákveðins grunnorðs getur verið af ýmsum toga. Hún getur verið fólgin í því að grunnorðið verði að vera af ákveðnum orðflokki. Þannig geta sum viðskeyti bara tengst nafnorðum, önnur geta bara tengst lýsingarorðum og enn önnur geta einungis tengst sögnum. Einnig eru til viðskeyti sem geta tengst grunnorðum af fleiri orðflokki en einum (sjá nánar í 3.2). Valhamlan getur verið fólgin í því að viðskeytið tengist einungis grunnorði með ákveðinn atkvæðafjölda, þ.e. að grunnorðið sé einungis eitt atkvæði eða þá jafnvel tvö. Valhamlan getur líka kveðið á um það

¹⁰ Hér er svo hægt að halda áfram orðmynduninni og bæta við *-legur*, sbr. *kunnátt-u-sam-legur*.

að grunnorðið megi ekki vera viðskeytt eða jafnvel að grunnorðið verði að vera viðskeytt.¹¹

3.2 Viðskeyti tengist grunnorði af ákveðnum orðflokki

Að viðskeyti gætu einungis tengst grunnorðum af einum orðflokki var inntakið í tilgátu Aronoffs (1976) um einsleitann grunn (*e. unitary base hypothesis*, sjá enn fremur Eirík Rögnvaldsson 1988 og Enger 2008). Fjölmörg dæmi eru hins vegar til um það að viðskeyti tengist grunnorðum af fleiri orðflokkum og að slík dæmi séu þannig hugsanleg mótdæmi við tilgátunni (sjá Eirík Rögnvaldsson 1988 um þetta atriði í íslensku og Enger 2008 um svipuð atriði í norsku). Málið er þó ekki alveg svona einfalt því Aronoff byggði tilgátu sína á þáttgreiningu generatífrar málfræði sem gerði ráð fyrir því að stór líkindi væru t.d. með nafnorðum og lýsingarorðum og því gæti tiltekið viðskeyti tengst grunnorðum af þessum orðflokkum án þess að um mótdæmi væri að ræða. Tilgátan náði svo einungis til orðmyndunarlega virkra viðskeyta. Raunveruleg mótdæmi væru viðskeyti sem gætu bæði tengst nafnorðum og sögnum sem eru alls óskyldir orðflokkar samkvæmt áður nefndri greiningu. Viðskeytið *-ari* gæti verið mögulegur kandídat fyrir þannig mótdæmi. Viðskeytið er vel virkt, á því er ekki nokkur vafi, og þó það tengist aðallega sögnum, bæði veikum og sterkum, sbr. *kennari* og *hlaupari*, þá getur það einnig tengst nafnorðum, sbr. *Hólmari* og t.d. *borgari* (*heimsborgari*). Til þess að halda fram tilgátunni í óbreyttri mynd þyrfti því að leggja fram sannfærandi rök fyrir því að viðskeytið sem tengist nafnorðum væri á einhvern hátt frábrugðið viðskeytinu sem tengist sögnum, að ekki væri um að ræða sama viðskeytið í báðum tilfellum.

Ef dæmi úr íslensku eru skoðuð þá má finna viðskeyti þar á meðal sem einungis tengjast grunnorðum af einum ákveðnum orðflokki. Þetta eru viðskeyti eins og *-heit* sem tengist einungis lýsingarorðum, sbr. *merkilegheit* og *fljótheit* og *-un* sem tengist einungis sögnum, sbr. *hækkun* og *þróun*. Dæmi um virk viðskeyti sem geta bæði tengst nafnorðum og lýsingarorðum eru *-látur*, sbr. *dramblátur* og *blíðlátur*, og *-lingur*, sbr. *disklingur* og *unglingur*.

¹¹ Oftast er ekki hægt að hafa fleiri en tvö viðskeyti saman innan orðs í íslensku. Hvort kalla megi þetta hömlu á fjölda viðskeyta innan sama orðs er þó óvíst en tilhneigingin um aðeins tvö samliggjandi viðskeyti er fyrir hendi. Dæmi um þrjú viðskeyti innan orðs eru hins vegar til, sbr. *hverf-ul-leg-leiki* og *mynd-ug-leg-heit* og þessi dæmi eru eflaust nokkru fleiri en ekki var sérstaklega leitað að þeim.

3.3 Viðskeyti tengist ekki grunnorði sem sjálft er viðskeytt

Af 43 viðskeytum í rannsókn Fabb (1988) á ensku voru 28 sem ekki gátu tengst grunnorði sem sjálft var viðskeytt (sjá Aronoff og Fuhrop 2002:454). Hamlan setur þó nokkrar skorður við fjölda viðskeytapa í viðkomandi tungumáli því viðskeyti sem hafa þessa hömlu geta ekki komið utan á önnur viðskeyti. Hamlan kemur þó ekki í veg fyrir að slík viðskeyti geti tengst tvíkvæðum grunnorðum, einungis að grunnorðið megi ekki vera viðskeytt. Þetta atriði bendir því sterklega til þess að eðli grunnorðsins skipti máli. Dæmi um viðskeyti úr íslensku sem hefur þessa hömlu er *-látur*. Viðskeytið getur tengst grunnorði sem er eitt atkvæði eða tvö, sbr. *ranglátur* eða *lítillátur* en virðist ekki geta tengst grunnorði sem sjálft er viðskeytt jafnvel þó formlegum skilyrðum sé fullnægt.¹² Viðskeytið tengist venjulega lýsingarorði og myndar lýsingarorð. Því ætti ekki að vera neitt því til fyrirstöðu formlega að viðskeytið tengdist grunnorði sem í er viðskeytið *-legur* því það myndar lýsingarorð, sbr. *hreinlegur*. Orðmyndunin **hreinleglátur* er hins vegar ótæk vegna hömlunnar en *hreinlátur* er í lagi. Viðskeytið getur hins vegar bætt á sig öðru viðskeyti, sbr. *-lega*, t.d. við myndun atviksorðsins *kyrrlátlega*.

3.4 Erfitt að snúa við röð viðskeyta

Dæmi um það að hægt sé að breyta innbyrðis röð tveggja viðskeyta eru vandfundin. Ástæða þess er sú að valhömlur viðkomandi viðskeyta verða að passa nákvæmlega saman eftir umröðun viðskeytanna. Það er t.d. hægt að hugsa sér að snúa mætti við röðinni á viðskeytunum *-dómlegur* í dæmi eins og *guðdómlegur*. Viðskeytið *-dómur* tengist grunnorði sem er nafnorð og *-legur* getur tengst grunnorðum sem eru bæði nafnorð og lýsingarorð. Ástæða þess að það gengur að mynda *guð(N)dóm(N)legur(L)* er sú að valhömlur viðskeytanna eru ekki brotnar; *-dómur* tengist nafnorði (*guð*) og myndar nafnorð og *-legur* tengist nafnorði (*guðdómur*) og myndar lýsingarorð. Ef við hins vegar snúum við röðinni á viðskeytunum fáum við ótæka mynd **guð(N)leg(L)dómur(N)*. Valhamla viðskeytisins *-dómur* segir til um að viðskeytið tengist nafnorðum en við umröðunina tengist það

¹² Eina undantekningin sem ég hef fundið frá þessu er *göfuglátur* þar sem *-látur* virðist geta tengst viðskeytta orðinu *göfugur*. Hins vegar er ekki víst að *göfug-* sé viðskeytt orð yfir höfuð, a.m.k. getur reynst snúid að færa sönnur á það.

lýsingarorðinu *guðlegur*, þannig að valhamla viðskeytisins er brotin og dæmið því ótækt.

3.5 Opín og lokuð viðskeyti

Lokuð viðskeyti eru viðskeyti sem ekki leyfa að önnur viðskeyti tengist utan á þau (sbr. t.d. Aronoff og Fuhrhop 2002). Viðskeyti eins og *-ald* er dæmi um þetta. Viðskeytið tengist yfirleitt nafnorði og myndar nafnorð, sbr. *hrúgald* og *hafald* en engin dæmi fundust um viðskeyti sem tengdist því, sbr. líklegar raðir eins og *-aldskapur* eða *-aldsemi*. Annað dæmi um lokað viðskeyti er *-óttur* sem myndar lýsingarorð. Viðskeytið tengist grunnorðum sem eru eitt atkvæði, sbr. *hæðóttur*, *sköllóttur*, *bröndóttur*, *kringlóttur*, *kollóttur* og *hnöttóttur* en getur ekki bætt við sig viðskeytum. Opín viðskeyti leyfa hins vegar slíka tengingu við önnur viðskeyti, sbr. viðskeyti eins og *-dómur* í *guðdómlegur* (sjá umfjöllun um þetta hjá Aronoff og Fuhrhop 2002:466–468).

3.6 Merking virðist skipta máli

Eins og áður hefur komið fram verður í greininni lögð áhersla á að kanna formlegar valhömlur við myndun viðskeytaraða (m.a. orðflokka, grunnorð, atkvæðagerð og tegund viðskeyta) og ekki hugað að áhrifum merkingar enda er það efni í aðra rannsókn. Þó ekki verði fjallað um merkingu hér er rétt að minnast á það að merking virðist hafa sitt að segja við að takmarka viðskeytaraðir þó óljóst sé í hvaða mæli það gerist og hvernig samspili merkingar og ofangreindra formlegra skilyrða er háttáð. Hægt er að ímynda sér að í tilvikum þar sem formlegar hömlur tveggja viðskeyta passi saman en viðskeytaröðin sé samt sem áður ótæk, geti verið um að ræða merkingarlegar hömlur á viðskeytingunni. Eins og fram kemur síðar í greininni þá passa mörg viðskeytapör saman formlega en finnast samt ekki í þeim gagnagrunnum sem leitað var í. Gunnlaugur Ingólfsson (1979) skoðaði sérstaklega merkingarlegar hindranir þegar viðskeytaparið *-uglegur* átti í hlut. Gunnlaugur komst að því að *-legur* tengdist einungis lýsingarorðum með *-ugur* ef lýsingarorðin voru ákveðinnar merkingar. Viðskeytið gat sem sagt aðeins tengst lýsingarorðum sem merktu ‚eðli‘ eða ‚ástand‘ en ekki þeim sem höfðu merkinguna ‚ataður einhverju‘. Þannig er orðmyndun eins og *önuglegur* í lagi en **öskuglegur* ekki (sjá Gunnlaug Ingólfsson 1979:46–47).

Segja má að þetta sé eina úttektin í seinni tíð á því hvað getur staðið saman og hvað ekki af íslenskum viðskeytum út frá merkingu.

4 Rannsókn á viðskeytaröð

4.1 Inngangur

Í þessum kafla verður sagt frá rannsókn á viðskeytaröðum og umfangi hennar. Í rannsókninni voru prófaðir tengingarmöguleikar tuttugu og sex viðskeyta sem mynda nafnorð (hér eftir nafnorðsviðskeyti) við tuttugu og tvö viðskeyti sem tengjast nafnorðsviðskeytum. Að auki voru prófaðir tengingarmöguleikar níu viðskeyta sem mynda lýsingarorð (hér eftir lýsingarorðsviðskeyti) við tólf viðskeyti sem tengjast lýsingarorðum. Gagnagrunnarnir *Íslenskur orðasjóður* (ÍOS) og *Beygingarlýsing íslensks nútímamáls* (BÍN) voru notaðir til þess að leita að staðfestum viðskeytaröðum. Einungis er um að ræða könnun á viðskeytaröðum þar sem valhömlur viðkomandi viðskeyta passa saman og ekki var leitað að röðum sem fólust í því að snúa við röð viðskeytanna blint því valhömlur virðast sjaldnast passa saman eftir viðsnúninginn eins og fram hefur komið.

4.2 Efniviður rannsóknarinnar

4.2.1 Viðskeytin í rannsókninni – hverju tengjast þau og hvað búa þau til af orðum?

Í *Töflu 1* er yfirlit yfir viðskeytin í rannsókninni og tengingarmöguleika þeirra. Sjálf viðskeytin eru tekin frá Eiríki Rögnvaldssyni (1987) en tengingarmöguleikar þeirra voru kortlagðir með hjálp frá yfirlitum í Þorsteini G. Indriðasyni (2016a). Erlend viðskeyti (*-isti*, *-ismi*, *-ía*) voru ekki tekin með í rannsóknina þar eð þau virðast ekki tengjast innlendum viðskeytum án þess að ending komi á milli, sbr. *sadist-alegur*. Sömuleiðis voru ekki tekin með viðskeyti þar sem grunnorðið var frekar illgreinanlegt, sbr. *-al í gamall*.¹³ Eftir stóðu 35 viðskeyti sem verða prófuð í ýmsum röðum hér á eftir.

¹³ Hér verður ekki skilið á milli viðskeyta sem eru „innflutt“ á einhverju stigi mál-sögunnar og svo viðskeyta sem hafa verið hluti af málinu frá upphafi (sjá t.d. Þorstein G. Indriðason 2005 um sögulega virkni nokkurra af þessum viðskeytum). Viðskeytin í *Töflu 1* eru flest ef ekki öll vel aðlöguð íslensku máli og því ekki ástæða til þess í rannsókn af þessu tagi að greina á milli nýrri og eldri viðskeyta.

<i>Viðskeyti</i>	<i>Tengist (orðflokkur)</i>	<i>Myndar (orðflokkur)</i>	<i>Dæmi</i>
-ald	N, (S)	N	hafald, hrúgald (rekald)
-an	S	N	skipan, angan
-andi	S	N	stjórnandi, leigjandi, þiggjandi
-ari	S, (N)	N	kennari, (kjallari)
-átta	N, (S)	N	vinátta, kunnátta
-dómur	N, L, S	N	guðdómur, þrældómur, heiðindómur, lærdómur
-erni	N	N	ætterni, móðerni, salerni, þjóðerni
-háttur	N	N	hugsunarháttur, orðhengils- háttur
-heit	L	N	merkilegheit, fínheit, fljótheit
-il (no.)	S, (N)	N	hemill, (fíkill)
-indi	L, (N)	N	leiðindi, (réttindi)
-ing (kvk.)	S	N	breyting, þekking
-ingi	N, L	N	bandingi, svertingi
-ingur	S, N	N	þrýstingur, spekingur
-látur	L, (N)	L	blíðlátur, hreinlátur, (dramblátur)
-legur	N, L	L	strákslegur, hraustlegur
-leiki	L, N	N	veikleiki, skyldleiki, styrkleiki
-leikur	L, (N)	N	fróðleikur, sannleikur, (hægðarleikur)
-lingur	L, N	N	unglingur, strákingur
-naður	V, N	N	skilnaður, vefnaður, verknaður, þjófnaður
-neskur	N	L	rússneskur, latneskur, jarðneskur
-ni	S, L, (N)	N	breytni, hlutlægni, (tækni)
-ó	N, L, S	N	strætó, huggó, tyggjó
-óttur	N	L	holóttur, götóttur
-rænn	N, (L)	L	ljóðrænn, lífrænn, (dulrænn, vitrænn)
-samur	N, (L)	L	hamingjusamur, hjálpsamur

<i>Viðskeyti</i>	<i>Tengist (orðflokkur)</i>	<i>Myndar (orðflokkur)</i>	<i>Dæmi</i>
-semi ¹⁴	N, (L)	N	gamanssemi, tillitssemi
-sk	N	L	klaufskur
-ska	S, L	N	gleymska, illska
-skapur	N	N	drengskapur, fjandskapur, gleðskapur
-sl	S	N	meiðsl, tengsl
-ugur	N, (V)	L	auðugur, náðugur, (kunnugur)
-ull (lo.)	S	L	skröfull, spurull
-un	S	N	hækkun, þróun
-ungur	N, T, (L)	N	geitungur, piltungur þriðjungur, (öldungur)

Tafla 1: Yfirlit yfir bæði nafnorðs- og lýsingarorðsviðskeyti í rannsókninni – hverju þau tengjast og hvers konar orð þau búa til.

Í *Töflu 1* er að finna yfirlit yfir 35 viðskeyti, bæði nafnorðs- og lýsingarorðsviðskeyti, sýnt hverju þau tengjast og orð af hvaða orðflokki þau mynda. Viðskeytunum er raðað í stafrófsröð og sýnd eru dæmi um orð sem þau mynda, þ.e. nafnorð (N), lýsingarorð (L), sögn (S) og töluorð (T). Í dálkinum „Tengist (orðflokkur)“ eru orðflokkarnir stundum innan sviga. Það merkir að möguleikarnir eru sýndir í töflunni en þeir eru ekki notaðir í sjálfri rannsókninni. Þannig tengist t.d. *-ari* aðallega grunnorðum sem eru sagnir (S) en í fáum tilfellum grunnorðum sem eru nafnorð (N). Því var sjónum aðallega beint að orðmyndunum þar sem grunnorðið er sögn.

4.2.2 Aðferð við dæmasöfnun

Út frá yfirlitinu í *Töflu 1* voru fundnar viðskeytaraðir sem eru leyfi-
legar formlega og geta því verið til í íslensku. Þannig var t.d. álitlegt
að leita að dæmum með röðinni *-andlegur* því *-andi* myndar nafnorð
af sögnum og *-legur* getur tengst nafnorðum. Eins var leitað að

¹⁴ Ritrýnir spyr hvornig fara eigi með *-i* í *-semi* (af *-samur*), þ.e. hvort hér sé ekki á ferðinni viðskeytaröð (*-sem-i*)? Hér var mörkuð sú stefna að hafa með viðskeyti sem ætlað var að væru tiltölulega skýrt aðgreind í huga málnotandans og þess vegna var ekki litið á *-i* sem þannig viðskeyti heldur hluta sjálfs viðskeytisins. Á sama hátt er litið á *-leg* og *-lega* sem tvö viðskeyti þar sem *-a* er ekki talið samtímalega virkt viðskeyti (sbr. t.d. *víður* – *víða* (gamalt) en *hljóður* – **hljóða*) og því ekki um viðskeytaröð að ræða þar (sjá t.d. Guðrúnu Kvaran 2006:142).

dæmum með viðskeytaröðinni *-unháttur* því *-un* myndar nafnorð af sögn og viðskeytið *-háttur* tengist nafnorðum. Sams konar formleg skilyrði voru fyrir hendi í viðskeytum sem mynduðu lýsingarorð. Þannig var leitað að dæmum um viðskeytaröðina *-legheit* því *-legur* myndar lýsingarorð og *-heit* tengist lýsingarorðum. Stíllt var upp líklegum viðskeytaröðum eins og sjá má í töflunum í 4.3 og 4.4 hér á eftir og þessu næst leitað að dæmum með þessum röðum fyrst og fremst í ÍOS en einnig í BÍN. Hér var viðskeytaröðinni ekki snúið við í leit að mögulegum röðum en aðeins leitað að röðum sem gengu upp formlega því formleg skilyrði eru sjaldnast fyrir hendi þegar röðinni er snúið við á þann hátt (sbr. umfjöllunina í 3.4).

ÍOS er gagnagrunnur geymdur við Háskólann í Leipzig þar sem safnað er saman textum af netinu, m.a. af bloggsíðum og heimasíðum. Gagnagrunnurinn geymir efni frá fjölmörgum tungumálum, þ. á m. íslensku (sjá umfjöllun um gagnagrunninn hjá Erlu Hallsteinsdóttur 2007). Í gagnagrunninum er hægt að leita eftir framstöðu- og bakstöðuklössum með því að nota **strengur* og hægt er að sjá í hvaða samhengi viðskeyttu orðin koma fyrir. Þannig var t.d. leitað að orðum með viðskeytaröðinni *-ingdómur* með strengnum **ingdómur* og sömuleiðis *-ilsemi* með **ilsemi*. Þar sem ekki fundust dæmi um viðkomandi raðir var einnig leitað í BÍN og það var einnig gert til þess að finna fleiri dæmi um viðkomandi viðskeytaröð. Í BÍN var hægt að leita að röðunum með sömu aðferð og í ÍOS, þ.e. með **strengur*. Þá kom í ljós að stundum fundust raðir í BÍN sem ekki komu fram við leit í ÍOS. Það var þó ekki algengt. Þannig má segja að með því að nota bæði gagnasöfnin hafi fengist fyllri mynd af mögulegum viðskeytaröðum en ef einungis hefði verið stuðst við ÍOS.

4.2.3 Dæmi um leit í ÍOS og BÍN

Eins og áður hefur komið fram voru tengingarmöguleikar tuttugu og sex nafnorðsviðskeyta prófaðir við tuttugu og tvö viðskeyti sem tengjast nafnorðum og því voru mögulegar viðskeytaraðir 26 x 22 eða 572. Af þessum 572 mögulegu röðum voru 17 raðir með sams konar viðskeytum, þ.e. *-aldald*, *-áttátta* og t.d. *-dómdómur*. Ólíklegt var að raunveruleg dæmi fyndust um slíkar raðir og því voru raðirnar ekki taldar með. Eftir stóðu því 555 mögulegar viðskeytaraðir.

Á sama hátt voru tengingarmöguleikar níu lýsingarorðsviðskeyta prófaðir við tólf viðskeyti sem tengjast lýsingarorðum og því voru mögulegar viðskeytaraðir 9 x 12 eða 108. Af þessum röðum voru tvær

raðir með sams konar viðskeytum, þ.e. *-látlátur* og *-leglegur*.¹⁵ Þær voru ekki taldar með af sömu ástæðum og nefndar voru í sambandi við nafnorðsviðskeytin þannig að eftir stóðu 106 mögulegar raðir.

Sem dæmi um raðir sem leitað var að er hægt að taka alla tengingarmöguleika við viðskeytið *-il*. Viðskeytið myndar nafnorð og í (6) eru sýndar mögulegar raðir með þessu viðskeyti í fyrsta sæti, þ.e. tengingarmöguleikar við öll viðskeyti í rannsókninni sem geta tengst nafnorðum, eða tuttugu og tvær mögulegar raðir:

- (6) -ilald, -ilátta, -ildómur, -ilerni, -ilháttur, -ilingur, -ilingi, -illegur, -illeiki, -illingur, -ilnaður, -ilneskur, -ilni, -iló, -ilóttur, -ilrænn, -ilsamur, -ilsemi, -ilska, -ilskapur, -ilugur, -ilungur

Leitað var að þessum röðum í ÍOS og BÍN og niðurstöður skráðar í þar til gerða töflu. Í köflum 4.3 og 4.4 verður nánar greint frá því hvaða viðskeytaraðir fundust í gagnasöfnunum. Jafnframt var leitað að dæmum um klofna viðskeytingu, þ.e. þar sem viðskeytaröðin er brotin upp af eignarfallsendingum. Nánar verður greint frá niðurstöðum þeirrar leitar í 5.4.

4.3 Viðskeyti sem mynda nafnorð og viðskeyti sem tengjast nafnorðum

4.3.1 Niðurstöður leitar

Í þessum undirkafla eru sýndar niðurstöður leitar að viðskeytapörum þar sem nafnorðsviðskeytið (N1) er parað við viðskeyti sem geta tengst nafnorðum (N2). Í (7) eru þessi viðskeyti talin upp, þ.e. bæði nafnorðsviðskeytin (7a) og viðskeyti sem geta tengst nafnorðum (7b):

- (7) a. Nafnorðsviðskeyti: -ald, -an, -andi, -ari, -átta, -dómur, -erni, -háttur, -heit, -il, -indi, ing, -ingi, -ingur, -leiki, -leikur, -lingur, -naður, -ni, -ó, -semi, -ska, -skapur, -sl, -un, -ungur
- b. Tengjast nafnorðum: -ald, -átta, -dómur, -erni, -háttur, -ingur, -ingi, -legur, -leiki, -lingur, -naður, -neskur, -ni, -ó, -óttur, -rænn, -samur, -semi, -ska, -skapur, -ugur, -ungur

¹⁵ Hér nefnir ritrýnir að samtals séu 74 dæmi um *-legleg* í *Risamálheildinni*. Við nánari athugun reyndust þetta vera villur af einhverju tagi, sbr. *stórfenglegleg* og *ómannúðlegleg*.

Feitletraðar viðskeytaraðir í töflunum eru staðfestar raðir, fundnar í gagnasöfnunum; raunveruleg dæmi sem kynnt verða til sögu í köflunum hér á eftir. Rýmisins vegna verða niðurstöður athugunarinnar kynntar í þremur töflum. Í *Töflu 2* eru nafnorðsviðskeyti þöruð saman við viðskeytin *-ald*, *-átta*, *-dómur*, *-erni*, *-háttur*, *-ingur* og *-ingi* og fundnar raðir og vafaraðir (með spurningarmerki) eru feitletraðar. Fjallað verður sérstaklega um vafadæmi í 4.3.2.

N1/N2	<i>ald</i>	<i>átta</i>	<i>dómur</i>	<i>erni</i>	<i>háttur</i>	<i>ingur</i>	<i>ingi</i>
<i>ald</i>	*****	aldátta	alddómur	alderni	aldháttur	aldingur	aldingi
<i>an</i>	anald	anáttá	andómur	anerni	anháttur	aningur	aningi
<i>andi</i>	andald	andátta	anddómur	anderni	andháttur	andingur	andingi
<i>ari</i>	arald	aráttá	ardómur	arerni	arháttur	aringur	aringi
<i>átta</i>	áttald	*****	áttdómur	átterni	átháttur	áttingur	áttingi
<i>dómur</i>	dómald	dómátta	*****	dómerni	dómháttur	dómingur	dómingi
<i>erni</i>	ernald	ernátta	ernidómur	*****	erniháttur	erningur	erningi
<i>háttur</i>	háttald	háttátta	háttdómur	háttarni	*****	hátttingur	hátttingi
<i>heit</i>	heitald	heitátta	heiddómur	heitarni	heitháttur	heitingur	heitingi
<i>il</i>	ilald	ilátta	ildómur	ilerni	ilháttur	ilingur	ilingi
<i>indi</i>	indald	indátta	inddómur	inderni	indháttur	indingur	indingi
<i>ing¹⁶</i>	ingald	ingátta	ingdómur	ingerni	ingháttur	ingingur	ingingi
<i>ingi</i>	ingald	ingátta	ingdómur	ingerni	ingháttur	ingingur	*****
<i>ingur</i>	ingald	ingátta	ingdómur	ingerni	ingháttur	*****	ingingi
<i>leikur</i>	leikald	leikátta	leikdómur	leikerni	leikháttur	leikingur	leikingi
<i>leiki</i>	leikald	leikátta	leikdómur	leikerni	leikháttur	leikingur	leikingi
<i>lingur</i>	lingald	lingátta	lingdómur	lingerni	lingháttur	lingingur	lingingi
<i>naður</i>	naðald	naðátta	naðdómur	naðerni	naðháttur	naðingur	naðingi
<i>ni</i>	niald	niátta	nidómur?	nierni	niháttur	ningur	ningi
<i>ó</i>	óald	óátta	ódómur	óerni	óháttur	óingur	óingi
<i>semi</i>	semald	semátta	semidómur	semerni	semiháttur	semingur	semingi
<i>ska</i>	skald	skátta	skdómur	skerni	skháttur	skingur	skingi
<i>skapur</i>	skapald	skapátta	skapdómur	skaperni	skapháttur	skapingur	skapingi
<i>sla</i>	slald	slátta	sldómur	slerni	slháttur	slingur	slingi
<i>un</i>	unald	unátta	undómur	unerni	unháttur	uningur	uningi
<i>ungur</i>	ungald	ungátta	ungdómur	ungerni	ungháttur	ungingur	ungingi

Tafla 2: Þörun nafnorðsviðskeyta við *-ald*, *-átta*, *-dómur*, *-erni*, *-háttur*, *-ingur* og *-ingi*.

¹⁶ Þegar viðskeytin *-ing*, *-ingi* og *-ingur* eru hluti af viðskeytaröðum hafa þau sama útlit. Þau eru hins vegar öll höfð með hér því í flestum tilfellum er hægt að komast að því hvaða viðskeyti á í hlut hverju sinni. Þannig er *-ingur* í *gyðingdómur* en *-ingi* í *höfðinglegur* í *Töflu 4*.

Í þessu safni fundust eftirfarandi dæmi um viðskeytapör við leit í ÍOS og BÍN, sbr. (8):¹⁷

- (8) a. -ildómur: ræfildómur
 b. -ingdómur: gyðingdómur
 c. -nidómur: greinidómur?
 d. -ungdómur: konungdómur

Hins vegar fundust mörg dæmi þar sem tvö viðskeyti eru fleyguð af eignarfallsendingu. Fyrra viðskeytið getur verið af fjölbreyttum toga en seinna viðskeytið tengist ákveðnum flokki viðskeyta (sjá nánar í 5.4).

Í Töflu 3 eru nafnorðsviðskeytin pöruð saman við *-legur*, *-leiki*, *-lingur*, *-naður*, *-neskur*, *-ni* og *-ó*:

N1/N2	<i>legur</i>	<i>leiki</i>	<i>lingur</i>	<i>naður</i>	<i>neskur</i>	<i>ni</i>	<i>ó</i>
<i>ald</i>	aldlegur	aldleiki	aldlingur	aldnaður	aldneskur	aldni	aldó
<i>an</i>	anlegur	anleiki	anlingur	annaður	anneskur	anni	anó
<i>andi</i>	andlegur	andleiki	andlingur	andnaður	andneskur	andni	andó
<i>ari</i>	arlegur	arleiki	arlingur	arnaður	arneskur	arni	aró
<i>átta</i>	áttlegur	áttleiki	áttlingur	áttnaður	áttneskur	áttni	áttó
<i>dómur</i>	dómlegur	dómleiki	dómlingur	dómnaður	dómneskur	dómni	dómó
<i>erni</i>	ernlegur	ernleiki	ernlingur	ernnaður	ernneskur	ernni	ernó
<i>háttur</i>	háttlegur	háttleiki	háttlingur	háttnaður	háttneskur	háttni	háttó
<i>heit</i>	heitlegur	heitleiki	heitlingur	heitnaður	heitneskur	heitni	heitó
<i>il</i>	illegur	illeiki	illingur	ilnaður	ilneskur	ilni	iló
<i>indi</i>	indlegur?	indleiki	indlingur	indnaður	indneskur	indni	indó
<i>ing</i>	inglegur	ingleiki	inglingur	ingnaður	ingneskur	ingni	ingó
<i>ingi</i>	inglegur	ingleiki	inglingur	ingnaður	ingneskur	ingni	ingó
<i>ingur</i>	inglegur	ingleiki	inglingur	ingnaður	ingneskur	ingni	ingó
<i>leiki</i>	leiklegur	*****	leiklingur	leiknaður	leikneskur	leikni	leikó
<i>leikur</i>	leiklegur	leikleiki	leiklingur	leiknaður	leikneskur	leikni	leikó
<i>lingur</i>	linglegur	lingleiki	*****	lingnaður	lingneskur	lingni	lingó
<i>naður</i>	naðlegur	naðleiki	naðlingur	*****	naðneskur	naðni	naðó
<i>ni</i>	nilegur	nileiki	nilingur	ninaður	nineskur	*****	nió
<i>ó</i>	ólegur?	óleiki	ólingur	ónaður	óneskur	óni	*****
<i>semi</i>	semilegur	semileiki	semilingur	seminaður	semineskur	semini	semó
<i>ska</i>	sklegur	skleiki	sklingur	sknaður	skneskur	skni	skó
<i>skapur</i>	skaplegur	skapleiki	skaplingur	skapnaður	skapneskur	skapni	skapó
<i>sl</i>	sllegur	slleiki	sllingur	slnaður	slneskur	slni	sló

¹⁷ Þau dæmi sem merkt eru með spurningarkerki verða rædd sérstaklega hér á eftir.

N1/N2	<i>legur</i>	<i>leiki</i>	<i>lingur</i>	<i>naður</i>	<i>neskur</i>	<i>ni</i>	<i>ó</i>
<i>un</i>	unlegur	unleiki	unlingur	unnaður	unneskur	unni	unó
<i>ungur</i>	unglegur	ungleiki	unglingur	ungnaður	ungneskur	ungni	ungó

Tafla 3: Pörun nafnorðsviðskeyta við *-legur*, *-leiki*, *-lingur*-, *-naður*, *-neskur*, *-ni* og *-ó*.

Í gagnagrunnunum fundust dæmi um eftirfarandi viðskeytapör:

- (9) a. *-anlegur*: stillanlegur, skiljanlegur, opnanlegur, nægjanlegur
 b. *-anleiki*: seljanleiki, veiðanleiki, sveigjanleiki, mælanleiki
 c. *-andlegur*: búandlegur
 d. *-dómlegur*: barndómlegur, spádómlegur, guðdómlegur
 e. *-indlegur*: eigindlegur?, meginindlegur?
 f. *-inglegur*: höfðinglegur, gyðinglegur, níðinglegur, heiðinglegur
 g. *-nilegur*: forvitnilegur, tæknilegur
 h. *-ólegur*: ódólegur?
 i. *-skaplegur*: óskaplegur?
 j. *-unglegur*: konunglegur
 k. *-ung(i)legur*: náunglegur
 l. *-ungleiki*: konungleiki

Í Töflu 4 eru svo nafnorðsviðskeytin pöruð saman við *-óttur*, *-rænn*, *-samur*, *-semi*, *-ska*, *-skapur*, *-ugur* og *-ungur*:

N1/N2	óttur	rænn	samur	semi	ska	skapur	ugur	ungur
<i>ald</i>	aldóttur	aldrænn	aldsamur	aldsemi	aldska	aldskapur	aldtugur	aldtungur
<i>an</i>	anóttur	anrænn	ansamur	ansemi	anska	anskapur	anugur	anungur
<i>andi</i>	andóttur	andrænn	andsamur	andsemi	andska	andskapur	andtugur	andtungur
<i>ari</i>	aróttur	arrænn	arsamur	arsemi	arska	arskapur	arugur	arungur
<i>átta</i>	átóttur	áttrænn	áttsamur	áttssemi	áttska	áttskapur	átttugur	átttungur
<i>dómur</i>	dómóttur	dómrænn	dómsamur	dómsemi	dómska	dómskapur	dómugur	dómtungur
<i>erni</i>	ernóttur	ernrænn	ernsamur	ernsemi	ernska	ernskapur	ernugur	ernungur
<i>háttur</i>	háttóttur	háttænn	háttsamur	háttsemi	háttska	háttskapur	hátttugur	hátttungur
<i>heit</i>	heitóttur	heitænn	heitsamur	heitsesemi	heitska	heitskapur	heitugur	heitungur
<i>il</i>	ilóttur	ilrænn	ilsamur	ilsemi	ilska	ilskapur	ilugur	ilungur
<i>indi</i>	indóttur	indrænn	indsamur	indsemi	indska	indskapur	indugur	indtungur
<i>ing</i>	ingóttur	ingrænn	ingsamur	ingsemi	ingska	ingskapur	ingugur	ingungur
<i>ingi</i>	ingóttur	ingrænn	ingsamur	ingsemi	ingska	ingskapur	ingugur	ingungur
<i>ingur</i>	ingóttur	ingrænn	ingsamur	ingsemi	ingska	ingskapur	ingugur	ingungur
<i>leiki</i>	leikóttur	leikrænn	leiksamur	leiksemi	leikska	leikskapur	leikugur	leikungur
<i>leikur</i>	leikóttur	leikrænn	leiksamur	leiksemi	leikska	leikskapur	leikugur	leikungur
<i>ling</i>	lingóttur	lingrænn	lingsamur	lingsemi	lingska	lingskapur	lingugur	lingungur
<i>nað</i>	naðóttur	naðrænn	naðsamur	naðsemi	naðska	naðskapur	naðugur	naðungur
<i>ni</i>	nióttur	nirænn	nisamur	nisesemi	niska	niskapur	niugur	niungur
<i>ó</i>	óóttur	órænn	ósamur	ósemi	óska	óskapur	óugur	óungur
<i>semi</i>	semóttur	semrænn	semsamur	****	semska	semskapur	semugur	semungur
<i>ska</i>	skóttur	skrænn	sksamur	sksemi	****	skskapur	skugur	skungur
<i>skap</i>	skapóttur	skaprænn	skapsamur	skapsemi	skapska	****	skapugur	skapungur
<i>sl</i>	slóttur	slrænn	slsamur	slsemi	slska	slskapur	slugur	slungur
<i>un</i>	unóttur	unrænn	unsamur	unsemi	unska	unskapur	unugur	unungur
<i>ungur</i>	ungóttur	ungrænn	ungsamur	ungsemi	ungska	ungskapur	ungugur	****

Tafla 4: Þörun nafnorðsviðskeyta við *-óttur*, *-rænn*, *-samur*, *-semi*, *-ska*, *-skapur*, *-ugur* og *-ungur*.

Í þessu safni fundust dæmi um eftirfarandi viðskeytapör:

- (10) a. -ilsamur: erilsamur
 b. -ansemi: eljansemi?
 c. -anska: babýlanska?, tíbetanska?, gregoríanska?
 d. -arska: búlgarska, tatarska
 e. -ilsemi: iðilsemi
 f. -niskapur: hræsniskapur
 g. -slóttur: hnýslóttur
 h. -nisemi: gegnisemi?, greinisemi?
 i. -nisamur: beinisamur?, hefnisamur?
 j. -unsemi: eljunsemi?
 k. -ungskapur: skörungskapur?

4.3.2 Umfjöllun um vafadæmi

Spurningarmerki hafa verið sett við eftirfarandi dæmi í 4.3.1 þar sem vafi leikur á að um sé að ræða raunverulegar viðskeytaraðir: *greinidómur*, *eigindlegur*, *meginndlegur*, *ódólegur*, *óskaplegur*, *babýlanska*, *tíbetanska*, *gregoríanska*, *gegnisemi*, *greinisemi*, *beinisamur*, *hefnisamur*, *eljansemi*/*eljunsemi* og *skörungskapur*, samtals fimmtán orðmyndanir en átta viðskeytapör, *-nidómur*, *-indlegur*, *-ólegur*, *-skaplegur*, *-anska*, *-nisemi*, *-unsemi*/*-ansemi* og *-ungskapur*. Af þessum fimmtán orðmyndunum eru fimm orðmyndanir þar sem *-ni* er mögulega fyrri viðskeyti. Færa má rök fyrir því að ekkert þeirra sé dæmi um viðskeytið *-ni* og að þau séu þá ekki hluti af viðskeytaröð. Í *greinidómur* og *greinisemi* er um að ræða so. *greina* þar sem *-n-* er hluti sagnrótarinnar og ekki viðskeyti þar sem *-i-* er tengihljóð. Sama má segja um *gegnisemi*, *beinisamur* og *hefnisamur* þar sem að baki eru sagnirnar *gegna*, *beina* og *hefna*. Málfræðileg greining þessara orða er því *grein-i-dómur*, *grein-i-semi*, *gegn-i-semi*, *bein-i-samur* og *hefn-i-samur* með tengihljóði. Í viðskeytta orðinu *óskaplegur* er um að ræða forskeytið *ó-* og rótina *skap* og því er ekki um viðskeytaröð að ræða. Í *ódólegur* er mögulega um að ræða viðskeytaröðina *-ó-legur* (*ód-ó*) og að *-ó* sé hér styttingarviðskeyti með margvíslegt hlutverk (sjá t.d. Jansson 2015). Það er hins vegar ekki augljóst hvað verið er að stytta hér með viðskeytinu og því er þessu dæmi sleppt. Í *babýlanska*, *tíbetanska* og *grígoríanska* er spurningin sú hvort um sé að ræða röðina *-anska*. Ef orðmyndunin *babýlanska* er skoðuð nánar þá er grunnorðið *Babýlon* sem verður svo *babýlan-ska*.

Því er vart hægt að halda því fram að *-an* sé þarna viðskeyti, einungis afbrigði af *-on*. Í dæmunum *tíbetanska* og *gregoríanska* er líklega um að ræða innfluttan lið, *-an*, úr ensku, sbr. *tíbetan* og *gregorian* (sjá umræðu hjá Veturliða G. Óskarssyni 2007:88-89). Þessi dæmi hafa því trauðla í sér viðskeytaraðir. Vafadæmin *megindlegur* og *eigindlegur* hafa bygginguna *ind-legur*. Óljóst er hvort einhver tengsl eru milli *-ind* og *-indi* sem er viðskeyti í rannsókninni og því verður þessi viðskeytaröð ekki tekin með. Raðirnar *-ansemi* og *-unsemi* eru teknar hér saman því *-an* og *-un* eru skyld viðskeyti með svipað hlutverk og þau koma fyrir með sama grunnorði hér með sömu merkingu. Viðskeytið *-un* tengist venjulega sögn af 4. flokki veikra sagna (*-aði-sagnir*) og *-an* getur það líka þó það geti einnig tengst sögnum af öðrum flokkum. Hér er því líklegt að grunnorðið sé sögnin *elja* og að þetta séu því raunverulegar raðir. Síðasta dæmið er *skörungsskapur* og það er líklega dæmi um viðskeytaröð. Hér vantar vissulega eignarfallsendinguna *-s* á milli *-ung* og *-skapur*, þ.e. *skörungsskapur*, en dæmið án eignarfallsendingar finnst í BÍN og því er röðin tekin upp í rannsóknina. Niðurstaðan af þessu er þá sú að af átta vafasömum viðskeytaröðum þá geta aðeins tvær talist raunverulegar, þ.e. *-ansemi/-unsemi* og *-ungskapur*.

4.3.3 Staðfestar viðskeytaraðir með nafnorðsviðskeyti í fyrsta sæti

Í þessum flokki með viðskeytum sem tengjast nafnorðum voru mögulegar raðir 555 en raunverulegar eða staðfestar viðskeytaraðir eru 19 þegar búið er að vinsa úr vafadæmi. Í dæmum (11)–(18) eru sýndar staðfestar viðskeytaraðir og þær eru flokkaðar eftir fyrra viðskeytinu:

- (11) *-il*
- ildómur*: ræfildómur
 - ilsamur*: erilsamur
 - ilsemi*: iðilsemi
- (12) *-ing*
- ing(ur)dómur*: gyðingdómur
 - ing(ur)legur*: gyðinglegur, níðinglegur
 - ing(i)legur*: höfðinglegur, heiðinglegur
- (13) *-ni*
- nilegur*: forvitnilegur, tæknilegur

- b. -niskapur: hræsniskapur
- (14) -ung
 - a. -ungdómur: konungdómur
 - b. -unglegur: konunglegur
 - c. -ungleiki: konungleiki
 - d. -ung(i)legur: náunglegur
 - e. -ungskapur: skörungskapur
- (15) -and:
 - andlegur: búandlegur
- (16) -an (-un)
 - a. -anlegur: stillanlegur, opnanlegur, nægjanlegur
 - b. -anleiki: seljanleiki, veiðanleiki, sveigjanleiki
 - c. -an(-un)semi: eljanssemi, eljunsemi
- (17) -dóm: -dómlegur: barndómlegur, spádómlegur, guðdómlegur
- (18) -sl: -slóttur: hýslóttur

Tengingarhlutfallið (eða hlutfall staðfesta raða af heildarfjölda mögulegra raða) er því 19/555 eða 3,4%. Því er hægt að segja fljótt á litið að formlega séð séu margir ónýttir möguleikar til orðmyndunar þegar í hlut eiga orð með viðskeytapörum þar sem fyrra viðskeytið er nafnorðsviðskeyti og verður nánar vikið að þessu í 5. kafla.

4.4 Viðskeyti sem mynda lýsingarorð og viðskeyti sem tengjast lýsingarorðum

4.4.1 Niðurstöður leitar

Í þessum undirkafla eru sýndar niðurstöður leitar að viðskeytapörum þar lýsingarorðsviðskeytið (L1) er parað við viðskeyti sem geta tengst lýsingarorðum (L2). Í (19) eru þessi viðskeyti talin upp, þ.e. bæði lýsingarorðsviðskeytin (19a) og viðskeyti sem geta tengst lýsingarorðum (19b):

- (19) a. Lýsingarorðsviðskeyti: -látur, -legur, -neskur, -óttur, -rænn, -samur, -sk, -ugur, -ull

- b. Tengjast lýsingarorðum: -heit, -indi, -ingi, -látur, -legur, -leiki, -leikur, -lingur, -ni, -ó, -ska, -ungur

Niðurstöður pörunar með lýsingarorðsviðskeytum við viðskeyti sem tengjast lýsingarorðum eru sýndar í tveimur töflum. *Tafla 5* sýnir þar-anir lýsingarorðsviðskeytanna í (19a) við *-heit, -indi, -ingi, -látur, -legur* og *-leiki*, eins og áður eru fundin og raunveruleg dæmi feitletruð í *Töflu 5* en einnig vafadæmi:

L1/L2	<i>heit</i>	<i>indi</i>	<i>ingi</i>	<i>látur</i>	<i>legur</i>	<i>leiki</i>
<i>látur</i>	látheit	látindi	látíngi	***	látlegur	látleiki
<i>legur</i>	legheit ¹⁸	legindi	legíngi	leglátur	***	legleiki
<i>neskur</i>	neskheit	neskíndi	neskíngi	nesklátur	nesklegur	neskleiki
<i>óttur</i>	óttheit	óttíndi	óttíngi	óttlátur	óttlegur	óttleiki
<i>rænn</i>	rænheit	ræníndi	ræníngi	rænlátur	rænlegur	rænleiki
<i>samur</i>	samheit	samíndi	samíngi	samlátur	samlegur	samleiki
<i>sk</i>	skheit?	skíndi	skíngi	sklátur	sklegur?	skleiki
<i>ugur</i>	ugheit	ugíndi	ugíngi	uglátur?	uglegur	ugleiki
<i>ull</i>	ulheit	ulíndi	ulíngi	ullátur	ullegur ¹⁹	ulleiki

Tafla 5: Pörun lýsingarorðsviðskeyta við *-heit, -indi, -ingi, -látur, -legur* og *-leiki*.

Af 52 mögulegum röðum í töflu 5 fundust fjórtán staðfestar viðskeytaraddir við leit í ÍOS og BÍN sbr. (20, vafadæmi merkt með spurningarmerki eins og áður):

- (20) a. látlegur: góðlátlegur, hugarlátlegur
 b. legheit: rólegheit, skemmtilegheit, huggulegheit, frumlegheit, þægilegheit, merkilegheit
 c. legleiki: óendanlegleiki, eðlilegheit, fullkomlegleiki, hryllilegheit
 d. samlegur: vinsamlegur, skynsamlegur, heilsusamlegur, glæpsamlegur, lofsamlegur
 e. samleiki: tignarsamleiki, undursamleiki, ununarsamleiki
 f. skheit: lúmskheit?
 g. skíngi: heimskíngi
 h. sklegur: bernsklegur?

¹⁸ Viðskeytaparið *-legheit* getur svo tengst við lýsingarorð með *-ugur* og myndað þriggja viðskeyta runu, sbr. *sniðuglegheit* og *mynduglegheit*.

¹⁹ Hér má nefna að þriggja viðskeyta sambandið *hverfullegleiki*, kemur fyrir í *Bjarma*, II. árg. frá 1908, bls. 123.

- i. ugheit: hortugheit, sniðugheit, grínaktugheit, harðsvírugheit, slóttugheit
- j. uglátur: göfuglátur?
- k. uglegur: kunnuglegur, mynduglegur, sköruglegur, náðuglegur
- l. ugleiki: myndugleiki, hentugleiki, skyldugleiki, stöðugleiki, hróðugleiki
- m. ullegur: heimullegur, hverfullegur
- n. ulleiki: hverfulleiki, óbrigðulleiki, óskeikulleiki

Tafla 6 sýnir paranir lýsingarorðsviðskeytanna í (19a) við *-leikur*, *-lingur*, *-ni*, *-ó*, *-ska* og *-ungur*:

L1/L2	<i>leikur</i>	<i>lingur</i>	<i>ni</i>	<i>ó</i>	<i>ska</i>	<i>ungur</i>
<i>látur</i>	látleikur	látlingur	látni	látó	látska	látungur?
<i>legur</i>	legleikur	leglingur	legni	legó	legska	legungur
<i>neskur</i>	neskleikur	nesklingur	neskni	neskó	neskska	neskungur
<i>óttur</i>	óttleikur	óttlingur	óttni	óttó	óttska	óttungur
<i>rænn</i>	rænleikur	rænlingur	rænni	rænó	rænska	rænungur
<i>samur</i>	samleikur	samlingur	samni	samó	samska	samungur
<i>sk</i>	skleikur	sklingur	skni?	sklátur	skska	skungur
<i>ugur</i>	ugleikur	uglingur	ugni	ugó	ugska	ugungur
<i>ull</i>	ulleikur	ullingur	ulni	uló	ulska	ulungur

Tafla 6: Þörun lýsingarorðsviðskeyta við *-leikur*, *-lingur*, *-ni*, *-ó*, *-ska* og *-ungur*.

Af mögulegum 54 röðum í *Töflu 6* fundust átta líklegar raðir við leit í ÍOS og BÍN:

- (21) a. látungur: oflátungur?
- b. legleikur: kvenlegleikur, veglegleikur, ýmislegleikur, þjóðlegleikur, hæfilegleikur
- c. neskleikur: himneskleikur
- d. samleikur: syndsamleikur
- e. skni: kotroskni?
- f. ugleikur: hentugleikur, skyldugleikur, snúðugleikur
- g. ulleikur: reikulleikur, skeikulleikur, ötulleikur

4.4.2 Umfjöllun um vafadæmi

Spurningarmerki hafa verið sett við eftirfarandi fimm dæmi og þá

jafnframt fimm viðskeytaraðir þar sem vafi leikur á að um sé að ræða raunverulegar viðskeytaraðir, sbr.: *lúmskheit*, *bernsklegur*, *göfuglátur*, *oflátungur* og *kotroskni*. Viðskeytta orðið *lúmskheit* er ekki dæmi um viðskeytaröð því *-sk* er hluti af grunnorðinu í þessu tilfalli. Öðru máli gegnir um *bernsklegur* því færa má rök fyrir því að orðmyndunin sé eftirfarandi: *barn-sk* > *bernsk* + *legur* > *bernsklegur*. Um *kotroskni* gegnir sama máli og *lúmskheit*. Ekki er hægt að benda á grunnorðið sem *-ni* tengist, lýsingarorðið *roskinn* er ekki leitt af neinu öðru, a.m.k. ekki í nútímamáli og því ekki hægt að segja að *-sk* sé viðskeyti þarna. Hið sama má segja um *göfuglátur*, þar er ekki ljóst hvað *göf-* er í þessu tilviki. Að síðustu er svo orðmyndunin *oflátungur*. Þar er hægt að færa rök fyrir því að *-lát-ungur* sé raunveruleg viðskeytaröð, ef við tökum mið af orðinu *oflátur* og t.d. *oflæti*. Af þessum fimm dæmum eru því tvö sem hafa í sér viðskeytaröð.

4.4.3 Viðskeytaraðir með lýsingarorðsviðskeyti í fyrsta sæti

Í þessum flokki með lýsingarorðsviðskeytum þá voru mögulegar raðir 106 og raunverulegar raðir 17. Tengingarhlutfallið er þá 17/106 eða 16% sem er töluvert hærra hlutfall en hjá nafnorðsviðskeytunum (rúm 3%). Hér á eftir verða staðfestar raðir og dæmi um þær flokkaðar eftir fyrri viðskeytinu og sýndar í (22)–(28) eftir að búið er að vinsa úr vafadæmi:

- (22) *-látur*
- látlegur: góðlátlegur, hugarlátlegur
 - látungur: oflátungur
- (23) *-legur*
- legheit: rólegheit, skemmtilegheit, huggulegheit, frumlegheit, þægilegheit, merkilegheit
 - legleiki: óendanlegleiki, eðlilegheit, fullkomlegleiki, hryllilegheit
 - legleikur: kvenlegleikur, þjóðlegleikur
- (24) *-samur*
- samleg: vinsamlegur, skynsamlegur, heilsusamlegur, glæpsamlegur, lofsamlegur
 - samleiki: tignarsamleiki, undursamleiki, ununarsamleiki
 - samleikur: syndsamleikur

- (25) *-sk*
- skingi: heimskingi
 - sklegur: bernsklegur
- (26) *-ugur*
- ugheit: hortugheit, sniðugheit, grínaktugheit, harðsvírugheit, slóttugheit
 - uglegur: kunnuglegur, mynduglegur, sköruglegur, náðuglegur
 - ugleikur: hentugleikur, skyldugleikur, snúðugleikur
 - ugleiki: myndugleiki, hentugleiki, skyldugleiki, stöðugleiki, hróðugleiki
- (27) *-ull*
- ulleiki: hverfulleiki, óbrigðulleiki, óskeikulleiki
 - ulleikur: reikulleikur, skeikulleikur, ötulleikur
- (28) *-nesk*: -neskleikur

Eins og hjá viðskeytaröðum með nafnorðsviðskeyti í fyrsta sæti má segja að formlega séð séu margir ónýttir tengingarmöguleikar í kerfinu þegar kemur að viðskeyttum orðum með tvö viðskeyti innanborðs.

4.5 Helstu niðurstöður

Í þessum kafla hefur 661 (555 + 106) möguleg viðskeytaröð verið könnuð til þess að komast að því hversu margar af þeim koma fyrir í ÍOS og BÍN. Niðurstöðurnar leiða í ljós frekar lágt hlutfall staðfesta viðskeytapara í þessum gagnagrunnum. Ef litið er nánar á hlutfallið milli mögulegra viðskeytapara og raunverulegra með annars vegar nafnorðsviðskeytum og hins vegar lýsingarorðsviðskeytum þá kemur í ljós að í nafnorðsviðskeytum er hlutfallið 3,4% og í lýsingarorðsviðskeytum rétt rúm 16% eða töluvert hærra en hjá nafnorðsviðskeytum sem vekur nokkra athygli því möguleikarnir eru umtalsvert fleiri í nafnorðsviðskeytum. Staðfestar raðir í gagnagrunnunum þegar nafnorð og lýsingarorð eru tekin saman eru 36 (19+17), og því er heildar tengingarhlutfallið 5,5%.

Spurningin sem vaknar hér er af hverju við finnum ekki fleiri viðskeytaraðir í íslenskri orðmyndun og hvort einhver sérstök og sýnileg

ástæða sé fyrir því? Og ættu þær, ef því er að skipta, að vera mun fleiri? Í næsta kafla verður reynt að finna svör við þessum spurningum og ýmsum fleirum.

5 Hömlur á viðskeytingu í íslensku og hugsanlegar skýringar á fáum viðskeytaröðum

5.1 Inngangur

Í þessum kafla verður sérstaklega fjallað um þær hömlur á viðskeytingu sem koma fram í rannsókninni í 4. kafla og lesa má út úr ýmsum töflum sem eru birtar þar. Einnig verður greint frá niðurstöðum um klofna viðskeytingu sem virðist töluvert virk aðferð til orðmyndunar í íslensku og að lokum verður velt upp ýmsum mögulegum ástæðum þess að viðskeytaraðir í íslensku séu ekki fleiri en raun ber vitni.

5.2 Hömlur á viðskeytaröðum í íslensku

Í þessum undirkafla verða niðurstöðurnar úr 4. kafla skoðaðar og sérstaklega fjallað um viðskeyti sem geta bara tengst grunnorðum af ákveðnum orðflokki, um viðskeyti sem ekki geta tengst grunnorðum sem sjálf eru viðskeytt, um viðskeyti sem ekki geta bætt við sig öðrum viðskeytum og um erfiðleika við að breyta innbyrðis röð viðskeyta, sbr. umræðuna í 3. kafla.

5.2.1 Val á orðflokki grunnorðs verður að passa

Í (29) eru sýndar viðskeytaraðir þar sem valhömlur viðskeyta passa saman og gerir það að verkum að viðkomandi viðskeyti geta staðið saman innan orðs. Hér er þá um að ræða viðskeyti sem geta tengst nafnorðsviðskeytum:

- (29) a. *-ingdómur*: gyðingdómur
 b. *-andlegur*: búandlegur
 c. *-unsemi*: eljunsemi

Í (30) eru aftur á móti sýnd dæmi um valhömlur viðskeyta sem passa saman þar sem fyrra viðskeytið er lýsingarorðsviðskeyti:

- (30) a. *-látlegur*: góðlátlega
 b. *-ulleiki*: hverfulleiki
 c. *-ugheit*: harðsvírugheit

Síðan er hægt að spyrja af hverju þessar valhömlur passa saman í (29) og (30). Það sést vel ef við skoðum hvert viðskeyti fyrir sig og hverju þau tengjast. Ef við tökum fyrst fyrir viðskeytin í (29) þá kemur eftirfarandi í ljós:

- (31) a. *-ingur*: tengist S og N; myndar N; *-dómur* tengist N og myndar N
 b. *-andi*: tengist S og myndar N; *-legur* tengist N og L og myndar L
 c. *-un*: tengist S og myndar N; *-semi* tengist N og myndar N

Í (32) eru svo sýnd dæmi um valhömlur hvers viðskeytis um sig sem koma fram í (30):

- (32) a. *-látur*: tengist L og myndar L; *-legur* tengist N og L og myndar L
 b. *-ul*: tengist S og myndar L; *-leiki* tengist L og N og myndar N
 c. *-ugur*: tengist N og myndar L; *-heit* tengist L og myndar N

5.2.2 Viðskeyti getur ekki tengst viðskeyttu grunnorði

Þessi hamla felst í því að sum viðskeyti geta ekki tengst grunnorðum sem sjálf eru viðskeytt en þau geta hins vegar sum hver tengst tvíkvæðum grunnorðum. Í rannsókninni kemur fram að eftirtalin viðskeyti geti ekki tengst grunnorði þar sem í er nafnorðsviðskeyti, sbr. (33):

- (33) *-ald*, *-átta*, *-erni*, *-háttur*, *-ingur*, *-ingi*, *-lingur*, *-naður*, *-neskur*, *-ni*, *-ó*, *-rænn*, *-ugur*, *-ungur*

Hér er ekki rými til þess að fjalla um öll viðskeytin í (33) en nefna má nokkur dæmi. Grunnorð með viðskeytinu *-neskur* eru að stærstum hluta einsatkvæðis lýsingarorð tengd þjóðerni: *rússneskur*, *svissneskur*, *tyrkneskur*, *eistneskur* og *baltneskur*. Að auki er til viðskeytt orð með *-neskur* sem ekki tengjast þjóðerni, sbr. *jarðneskur*. Viðskeytið *-rænn*

myndar lýsingarorð og tengist aðeins einsatkvæðis grunnorðum, sbr. *austrænn, ástrænn, bókrænn, brauðrænn, brjóstrænn, draumrænn, dulrænn, fjallrænn, fjarrænn, suðrænn, rafrænn, lífrænn, sálrænn, vestrænn, myndrænn, flaumrænn, hliðrænn, starfrænn, vistrænn* og *skynrænn*. Grunnorðin með viðskeytinu *-lingur* eru sömuleiðis flest eitt atkvæði, sbr. *lærlingur, disklingur, bitlingur, sjúklingur, gríslingur, bæklingur* og *jepplingur*. Eins er um *-átta* sem myndar nafnorð og virðist eingöngu tengjast einsatkvæðis grunnorðum, sbr. *kunnátta, vinátta* og *barátta*.

Eftirtalin viðskeyti geta hins vegar ekki tengst grunnorði þar sem í er lýsingarorðsviðskeyti, sbr. (34):

(34) -indi, -lingur, -látur, -ska

Viðskeytið *-indi* tengist einungis einsatkvæðis grunnorðum, sbr. *bágindi, réttindi, firnindi, fríðindi, vísindi, illindi* og *þægindi*. Sama er að segja um viðskeytið *-ska*, sbr. *viska, mennska, kænaska, fíflska* og *bernska*. Viðskeytið *-látur* getur tengst grunnorðum sem eru bæði eitt og tvö atkvæði og tvíkvæðum grunnorðum en ekki viðskeyttum grunnorðum. Hamlan er því vel staðfest í þessu viðskeyti, sbr. dæmin *þakklátur, réttlátur, hljóðlátur, örlátur, fálátur, hæglátur, ranglátur, kyrrlátur, þrálátur, hreinlátur, ranglátur, bráðlátur* og *lauslátur*. Nokkur tvíkvæð grunnorð eru til, sbr. *lítillátur, steigurlátur, eftirlátur* og *mikillátur* og t.d. *drembilátur* og *stýrilátur* með tengihljóði milli fyrri og seinni hluta. Einnig finnast formgerðir eins og *vanþakklátur* með forskeyti.

5.2.3 Dæmi um opin og lokuð viðskeyti í íslensku

Í rannsókninni komu fram viðskeyti sem ekki gátu bætt við sig öðrum viðskeytum öðruvísi en að á milli kæmi beygingarending (klofin viðskeyting, sjá 5.3). Dæmi um nafnorðsviðskeyti sem svo er ástatt um eru sýnd í (35), þetta eru þá svokölluð lokuð viðskeyti:

(35) -ald, -átta, -erni, -háttur, -heit, -leikur, -leiki, -lingur, -naður, -semi, -ska

Dæmi um lýsingarorðsviðskeyti sem ekki geta bætt við sig öðrum viðskeytum eru:

(36) -óttur, -rænn

Svokölluð opin viðskeyti leyfa hins vegar slíka tengingu við önnur viðskeyti. Af nafnorðsviðskeytum má nefna *-an, -and, -dóm, -ingur* og *-il* og af lýsingarorðsviðskeytum má nefna *-látur, -legur, -neskur,*

-samur, -sk, -ugur og -ull. Eins og fram kom í 5.2.2 þá getur *-látur* ekki tengst viðskeyttu grunnorði en viðskeytið getur hins vegar bætt við sig viðskeyti, sbr. *góðlátlega, hóglátlega, kyrrlátlega, ranglátlega, réttlátlega, tómlátlega, þakklátlega, þrálátlega* og *örlátlega*. Viðskeytið er því gott dæmi um það að viðskeyti getur verið hluti viðskeytaraðar en það getur bara ekki verið í öðru sæti í slíkri röð.

5.2.4 Umröðun viðskeyta virðist útilokuð

Umröðun tveggja viðskeyta í íslensku er vandfundin því valhömlur viðkomandi viðskeyta verða að passa saman til þess að hún gangi upp, sbr. umfjöllun í 3.4. Í dæminu *góð(L)lát(L)legur(L)* tengist *-látur* við lýsingarorðið *góður* og myndar lýsingarorð, sbr. *góðlátur*. Viðskeytið *-legur* getur svo tengst *-látur* og myndað lýsingarorðið *góðlátlegur*. En hvað gerist ef við snúum við röð viðskeytanna? Í íslensku finnum við lýsingarorðið *góðlegur* og viðskeytið *-látur* getur tengst lýsingarorðum þannig að það ætti ekki vera neitt í veginum fyrir því að mynda lýsingarorðið **góðleglátur*. Orðið er hins vegar ótækt vegna þess að hér er önnur hamla brotin. Sú hamla felst í því að viðskeytið *-látur* getur nær eingöngu tengst einsatkvæðis grunnorðum eins og *góð*, sbr. einnig 5.2.2. Um leið og grunnorðið er orðið viðskeytt þá gengur orðmyndun með *-látur* ekki.

Og jafnvel þar sem valhömlur virðast passa saman er umröðunin erfið. Til þess að sýna þetta er hægt að taka dæmi um viðskeytin *-samur* og *-legur* sem bæði geta tengst grunnorðum sem eru nafnorð (N) og lýsingarorð (L), sbr. t.d. *sið-samur*, *sið-legur*, *góð-samur* og *góð-legur*. Valhamla *-samur* kveður því m.a. á um að viðskeytið geti tengst grunnorði sem er nafnorð(N) og myndað lýsingarorð(L), *siðsamur*, en viðskeytið virðist líka geta tengst grunnorði sem sjálft er viðskeytt, sbr. *hug-ul-samur* þó það sé reyndar ekki algengt. Valhamla *-legur* kveður á um að viðskeytið geti sömuleiðis tengst grunnorðum sem eru lýsingarorð(L) og nafnorð (N) og myndað lýsingarorð (L) og hér gildir það sama og um *-samur*; viðskeytið getur tengst grunnorði sem sjálft er viðskeytt, sbr. *kunn-ug-legur*. Atkvæðabygging grunnorðsins fyrir og eftir umröðun þessara viðskeyta ætti því ekki að vera fyrirstaða þó hún sé oft hindrandi þáttur í svona ferli. Ef reynt er að snúa við röð viðskeytanna *-samur* og *-legur* í afleidda orðinu *sið(N)-sam(L)-legur(L)* þá kemur í ljós að það gengur ekki, sbr. **sið(N)-leg(L)-samur(L)*, þó skilyrðum virðist fullnægt. Skýringin er að öllum líkindum sú að *-samur* á erfitt með

að tengjast grunnorði sem er viðskeytt þó einhver dæmi finnist um slíkt.

Dæmin sem hér hafa verið tekin sýna hversu erfitt það er að snúa við röð viðskeyta og þetta virðist gilda um flestar þær viðskeytaraðir sem voru til skoðunar í rannsókninni. Slíkar hindranir á umröðun tveggja viðskeyta draga verulega úr fjölda þeirra viðskeytaraða sem til eru í tilteknu tungumáli.

5.2.5 Yfirlit yfir viðskeyti og hömlur þeirra

Í þessum undirkafla eru niðurstöður um tengimöguleika hinna ýmsu viðskeyta í rannsókninni kynntar í töflum. Birtar eru tvær töflur um viðskeytin og hömlur á viðskeytingu. *Tafla 7* gefur yfirlit yfir stöðuna í nafnorðsviðskeytum og *Tafla 8* yfir stöðuna í lýsingarorðsviðskeytum. Í töflunum birtist yfirlit yfir viðskeyti sem geta tengst grunnorðum sem eru viðskeytt, viðskeyti sem ekki geta það, viðskeyti sem geta bætt við sig viðskeytum og svo viðskeyti sem ekki geta bætt við sig viðskeytum.

<i>Geta tengst gr. sem er viðskeytt orð</i>	<i>Geta ekki tengst gr. sem er viðskeytt orð</i>	<i>Geta bætt við sig viðskeytum</i>	<i>Geta ekki bætt við sig viðskeytum</i>
-dómur	-ald	-an	-ald
-legur	-átta	-and	-átta
-leiki	-erni	-ari	-erni
-óttur	-háttur	-dómur	-háttur
-samur	-ingur	-il	-heit
-semi	-ingi	-ingur	-leikur
-ska	-lingur	-ni	-leiki
-skapur	-naður	-skapur	-lingur
	-neskur	-sl	-naður
	-ni	-un	-semi
	-ó	-ung(ur, -i)	-ska
	-rænn		
	-ugur		
	-ungur		

Tafla 7: Viðskeyti og hömlur – nafnorðsviðskeyti í fyrsta sæti.

Geta komið utan á viðskeytt orð	Geta ekki komið utan á viðskeytt orð	Geta bætt við sig viðskeytum	Geta ekki bætt við sig viðskeytum
-heit	-indi	-látur	-óttur
-ingi	-látur	-legur	-rænn
-legur	-lingur	-neskur	
-leiki	-ó	-samur	
-leikur	-ska	-sk	
-ungur		-ugur	
		-ull	

Tafla 8: Viðskeyti og hömlur – lýsingarorðsviðskeyti í fyrsta sæti.

5.2.6 Dregið saman

Eins og umfjöllunin sýnir í 5.2 þá eru ýmsar hömlur virkar við viðskeytingu í íslensku sem einnig eru að verki í öðrum tungumálum, sbr. t.d. Aronoff og Furhop (2002) um ensku og þýsku. Dæmin styðja einnig að sumu leyti skýrleikstilgátu Hay og Plag (2004), þ.e. að skýrt aðgreindari og skiljanlegri viðskeyti komi utan á viðskeyti sem eru ekki eins skýr og skiljanleg, sbr. viðskeytin í fyrsta dálkinum í töflum 7 og 8 með undantekningum eins og *-ska*.

5.3 Klofin viðskeyting

Í þessum undirkafla verða sýnd dæmi úr rannsókninni þar sem um er að ræða pör með nafnorðsviðskeyti í fyrsta sæti en parið er klofið af eignarfallsendingu. Þetta fyrirbæri er í greininni nefnt *klofin viðskeyting*. Engin samsvarandi dæmi fundust þar sem lýsingarorðsviðskeyti voru í fyrsta sæti. Í rannsókninni fundust um þrjátíu dæmi um klofna viðskeytingu með *-háttur*, *-legur*, *-leiki*, *-samur*, *-semi* og *-skapur* sem seinna viðskeyti og því er hér um nokkuð virka orðmyndunaraðferð að ræða. Í (37) eru sýnd tíu ólík nafnorðsviðskeyti á undan eignarfallsendingunni en seinna viðskeytið er *-háttur*.

- (37) a. -un-ar-háttur: hugsunarháttur
 b. -ar-a-háttur: smáborgaraháttur
 c. -il-s-háttur: orðhengilsháttur
 d. -indi-s-háttur: kvikindisháttur
 e. -nað-ar-háttur: lífnaðarháttur
 g. -ung-s-háttur: tvískinnungsháttur

- h. -dóm-s-háttur: leyndardómsháttur
- i. -ing-s-háttur: níðingsháttur
- j. -ling-s-háttur: fáráðlingsháttur
- k. -sl-u-háttur: afgreiðsluháttur

Eignarfallsendingarnar eru mismunandi, *-ar*, *-a*, *-s* og *-u*, og þessar endingar koma fyrir í flestum dæmunum hér á eftir. Í (38) eru sýnd dæmi um sex ólík nafnorðsviðskeyti með *-legur* sem seinna viðskeyti:

- (38) a. *-ar-a-legur*: borgaralegur, baslaralegur
- b. *-indi-s-legur*: kvikindislegur, bindindislegur
- c. *-semi-s-legur*: skynsemislegur (gamalt, Ritmálssafn)
- d. *-sl-u-legur*: neyslulegur, reynslulegur
- e. *-un-ar-legur*: blessunarlegur, stjórnunarlegur
- f. *-sk-u-legur*: geðvonskulegur, fólkskulegur

Einnig fundust dæmi um eignarfallsendingu þar sem seinna viðskeytið er *-leiki*, sbr. *herkænskuleiki* og *bernskuleiki*. Í (39) er sýnd fjögur ólík nafnorðsviðskeyti þar sem *-samur* er seinna viðskeyti:

- (39) a. *-átt-u-samur*: kunnáttusamur
- b. *-indi-s-samur*: bindindissamur
- c. *-ing-ar-samur*: hluttekningarsamur
- d. *-un-ar-samur*: blessunarsamur, hugsunarsamur, pössunarsamur

Í (40) eru sýnd fjögur ólík nafnorðsviðskeyti þar sem *-semi* er seinna viðskeyti:

- (40) a. *-átt-u-semi*: kunnáttusemi
- b. *-indi-s-semi*: bindindissemi
- c. *-ing-ar-semi*: byltingarsemi, virðingarsemi
- m. *-un-ar-semi*: nurlunarsemi, bruðlunarsemi

Í (41) eru sýnd fimm ólík nafnorðsviðskeyti þar sem *-skapur* er seinna viðskeytið:

- (41) a. *-ar-a-skapur*: leikaraskapur, prakkaraskapur
- b. *-indi-s-skapur*: kvikindisskapur
- c. *-ing-s-skapur*: höfðingsskapur, kunningsskapur, tryllingsskapur

- d. -ling-s-skapur: vesalingsskapur, öðlingsskapur
- e. -un-ar-skapur: brúkunarskapur
- f. -ung-s-skapur: kotungsskapur, oflátungsskapur

Þegar niðurstöður um klofna viðskeytingu eru teknar saman í yfirliti um viðskeyti á undan og eftir eignarfallsendingunni þá kemur eftirfarandi skipting í ljós:

<i>nafnorðsviðskeyti</i>	<i>eignarfallsending</i>	<i>seinna viðskeyti</i>
ari	a	háttur, legur
ing	ar	samur, semi
naður	ar	háttur
un	ar	háttur, legur, samur, semi, skapur
dómur	s	háttur
il	s	háttur
indi	s	háttur, legur, samur, skapur
ingi	s	skapur,
ingur	s	háttur
lingur	s	háttur, skapur
semi	s	legur
ungur	s	háttur, skapur
átta	u	samur, semi
sl	u	háttur, legur
sk	u	leiki

Tafla 9: Yfirlit yfir viðskeyti sem taka þátt í klofinni viðskeytingu eftir eignarfallsendingum.

Viðskeyti eins og *-un* getur tekið með sér fimm ólík viðskeyti á meðan *-indi* getur tekið með sér fjögur. Önnur viðskeyti geta tekið með sér eitt til tvö viðskeyti. Það sem einkennir mörg nafnorðsviðskeytin í töflunni, þ.e. viðskeytin sem eru í fyrsta sæti, er að þetta eru allt lokuð viðskeyti (eins og t.d. *-ari*, *-lingur*, *-naður*, *-semi* og *-sk*), þ.e. önnur viðskeyti geta ekki bæst við þau án þess að eignarfallsending komi á milli, sbr. einnig 5.2.3. Með því að tengjast eignarfallsendingum opnast nýjar leiðir til orðmyndunar, þ.e. orðmyndunin getur haldið áfram (sbr. einnig það sem Aronoff og Furhop 2000:487 segja um þýsku).

Annað sem er athyglisvert er að seinni viðskeytin í töflunni eru allt kerfisvædd viðskeyti í íslensku, þ.e. viðskeyti sem áður voru sjálfstæð orð. Þessi skil milli fyrri og seinni viðskeytanna í klofnu viðskeytingunni er hins vegar ekki alveg skýr því finna má kerfis-

vædd viðskeyti eins og *-semi* og *-dómur* og jafnvel *-átta* meðal nafnorðs- viðskeytanna í fyrsta sæti. Það er þó ekkert óeðlilegt við það að sum kerfisvæddu viðskeytanna geti staðið í fyrsta sæti í viðskeytaröðum. Ef við gerum ráð fyrir að kerfisvædd viðskeyti hafi í sér meiri skýrleika en önnur vegna uppruna síns þá styður yfirlitið í töflu 9 við tilgátu Hay og Plag (2004) um að skýrt afmarkaðri og skiljanlegri viðskeyti komi utan við þau minna skýrari, sbr. einnig það sem kom fram í dæmum (4) og (5) í 2.4.²⁰

Í þessum kafla hefur verið fjallað um klotna viðskeytingu sem er nokkuð virk orðmyndunaraðferð og athyglisverð vegna þess að hún virðist að einhverju leyti koma í stað viðskeytaraða og það gæti skýrt að nokkru þá fæð viðskeytaraða sem kemur fram í rannsókninni.

5.4 Ættum við að finna fleiri viðskeytaraðir í íslensku?

Þegar niðurstöðutölur um staðfestar viðskeytaraðir eru skoðaðar liggur í augum uppi að spyrja af hverju við finnum ekki fleiri viðskeytaraðir í íslensku. Spurninguna mætti einnig orða á annan veg, þ.e. hvort eitthvað bendi til þess að við ættum að búast við fleiri röðum. Hér kemur margt til greina. Svo virðist sem viðskeytakerfið í íslensku sé lítið notað til þess að mynda orð með viðskeytaröðum ef lítið er á hlutfallstölur úr niðurstöðum rannsóknarinnar. Í heildina notar viðskeytakerfið aðeins rúm 5% af getu sinni, eða orðmyndunarkraftinum, til þess að búa til slíkar raðir ef tekið er mið af bæði nafnorðs- og lýsingarorðsviðskeytum í þessari rannsókn (sjá Þorstein G. Indriðason 2020). Ýmsar ástæður geta verið fyrir því og hér verður velt vöngum yfir nokkrum þeirra. Fyrir utan það sem þegar hefur komið fram í greininni um miklar hömlur á orðmyndun með tveimur viðskeytum og að ýmislegt bendi til þess að klotna viðskeytingin, sem er talsvert virk aðferð til orðmyndunar, virðist koma að nokkru í stað viðskeytaraðanna, má láta sér detta í hug a.m.k. þrennt í íslensku sem getur leyst af hólmi orðmyndun af þessu tagi; öflugt beygingarkerfi, virkt kerfi samsetninga og setningarlegar formgerðir.

²⁰ Hér má nefna að Creemers o.fl. (2018) gera því skóna að sum viðskeyti í hollensku séu svokölluð rötarviðskeyti (e. *lexical morphemes*) og því eiginlega seinni hlutar samsettra orða. Líta má á að viðskeytin í íslensku sem koma utan á eignarfallsendinguna, þ.e. viðskeyti eins og *-legur* og *-skapur*, séu svipaðs eðlis. Þau skera sig a.m.k. úr í samanburði við önnur viðskeyti að því leyti að þau geta verið í stöðu sjálfstæðs orð í seinni hlutum eignarfallssamsetninga, ef við berum venjulegar samsetningar saman við orð með þessum viðskeytum; *hernað-ar-máttur* – *hernað-ar-legur* og *aumingj-a-bekkur* – *aumingj-a-skapur*.

Eins og kunnugt er býr íslenskan við ríka beygingu, beygingarkerfi með fjórum föllum í fallorðum sem öll eru virk og persónubeygingu í sögnum. Ekki er ólíklegt að merking sem tjáð er með tveimur eða fleiri viðskeytum innan orðs í öðrum tungumálum sé tjáð með beygingarendingum í íslensku. Til samanburðar má geta þess að í búlgörsku og t.d. serbnesku er mögulegt að nota fimm viðskeyti innan sama orðs sem öll tjá mismunandi merkingu (sjá t.d. Körtvélyessy 2019:3 og Körtvélyessy o.fl. 2020).²¹ Íslenskan býr einnig við virkt kerfi samsetninga sem getur að einhverju leyti skýrt litla notkun viðskeytaraða. Að auki er líklegt að í íslensku séu til fjölmargar setningarlegar formgerðir sem geta gegnt svipuðu hlutverki og viðskeytaraðir. Þetta eru auðvitað vangaveltur og þarfnast nánari skoðunar.

Öll þessi atriði eiga væntanlega sinn þátt í því að íslenskan notar aðrar leiðir til þess að tjá merkingu en viðskeytaraðir innan orðs. Sum önnur tungumál eins og t.d. búlgarska og serbneska sem áður var minnst á byggja á fjölbreyttu safni viðskeyta með fjölbreytt hlutverk. Sum viðskeytanna í þannig tungumálum tjá sumt af því sem annars yrði tjáð með beygingarendingum, samsetningum eða setningarlegum formgerðum í íslensku. Það sýnir að stundum er stutt á milli beygingarendinga og aðskeyta í tungumálum heimsins.

6 Að lokum

Í þessari grein hefur verið kannað hvaða viðskeytaraðir eru til í íslensku og jafnframt reynt að komast að því hvað stjórni því hvaða viðskeytaraðir séu mögulegar og hverjar ekki. Til þess að draga það allt saman í stuttu máli má segja eftirfarandi um það hvað sé leyfilegt og hvað ekki í íslenskri viðskeytingu samkvæmt rannsókninni: Sum viðskeyti eiga auðvelt með að standa í öðru sæti í viðskeytaröð og tengjast þannig viðskeyttum grunnorðum, á meðan önnur viðskeyti geta einungis staðið í fyrsta sæti og geta því ekki tengst viðskeyttum grunnorðum. Viðskeyti sem ekki geta tengst viðskeyttum grunnorðum geta hins vegar tengst fleirkvæðum grunnorðum að öðru leyti (sbr. *-látur*) sem sýnir að það er eðli grunnorðsins sem skiptir máli. Sum

²¹ Hér bendir ritrýnir á að bæði búlgarska og serbneska hafi rík beygingarkerfi að auki og því mætti hugsanlega velja því fyrir sér að munur íslensku og þessara mála liggja í því að í íslensku geti sama viðskeytið sinnt fleiri hlutverkum en sambærileg viðskeyti í þessum málum.

viðskeyti geta bætt á sig öðrum viðskeytum á meðan önnur geta það ekki án þess að eignarfallsending komi á milli. Nær útilokað virðist að snúa við röð viðskeyta í íslensku.

Þau skilyrði sem rakin eru hér að ofan draga eðlilega úr fjölda mögulegra viðskeytapa í íslensku. Enn fremur er það ein af niðurstöðum rannsóknarinnar að orðmyndun sem felst í klofinni viðskeytingu, þ.e. þegar beygingarending kemur á milli viðskeytanna, sé virk orðmyndun í íslensku og komi að einhverju leyti í stað orðmyndunar með tveimur samliggjandi viðskeytum.

Megintilgangur greinarinnar hefur verið að finna og greina formleg skilyrði fyrir viðskeytingu í íslensku og afhjúpa mynstur sem þar finnast en ekki hefur verið hugað sérstaklega að mögulegum merkingarlegum skilyrðum. Ef við gerum ráð fyrir að viðskeyti hafi það hlutverk að tjá ákveðna merkingu þá gæti skýringin á því að tvö viðskeyti geti ekki staðið saman þó valhömlur þeirra passi saman verið fólgin í árekstri þessara merkingarhlutverka, eins og áður hefur komið fram (sbr. rannsókn Gunnlaugs Ingólfssonar 1979). Rannsóknin sem lýst er í þessari grein ætti í sjálfu sér að afhjúpa slík mynstur við nánari athugun. Það er efni í aðra rannsókn að fara dýpra í þau atriði en hér er gert og lengra verður ekki komist að sinni.

Heimildir

- Alexander Jóhannesson. 1927. *Die Suffixe im Isländischen*. Fylgirit Árbókar Háskólans 1927. Reykjavík.
- Archangeli, Diana og D. Terence Langendoen (ritstj.). 1997. *Optimality Theory. An Overview*. Massachusetts: Blackwell Publishers.
- Aronoff, Mark og Nanna Fuhrhop. 2002. Restricting suffix combinations in German and English: Closing suffixes and the monosuffix constraint. *Natural Language and Linguistic Theory* 20:451–490.
- Aronoff, Mark. 1976. *Word Formation in Generative Grammar*. Cambridge Massachusetts: MIT Press.
- Aronoff, Mark og Stela Manova. 2010. Introduction: Theory, description, and analysis in affix order. *Morphology* 20:297–298.
- Bjarmi. Kristilegt heimilisblað. 1908. II. árgangur. Ritstj.: Bjarni Jónsson. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg.
- Booij, Geert. 1994. Lexical phonology: a Review. *Lingua e stile* 29:525–555.
- Creemers, Ava, Jan Don og Paula Fenger. 2018. „Some affixes are roots, others are heads“. *Natural Language & Linguistic Theory* 36:45–84.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1987. Nokkur viðskeyti og tíðni þeirra. Reykjavík: *Morgunblaðið* 15. maí, B-hluti:8–10.

- Eiríkur Rögnvaldsson. 1988. Einsleitur grunnur íslenskra viðskeyta. Óprentað handrit.
- Enger, Hans-Olav. 2008. Unitary Base Hypothesis og norsk avledningsmorfologi. *Maal og Minne* 2:189–212.
- Erla Hallsteinsdóttir. 2007. Íslenskur orðasjóður. *Orð og tunga* 9:109–125.
- Fabb, Nigel. 1988. English suffixation is constrained only by selectional restrictions. *Natural Language and Linguistic Theory* 6:527–539.
- Guðrún Kvaran. 2005. *Orð. Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði. Íslensk tunga II*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Gunnlaugur Ingólfsson. 1979. Lítið eitt um lýsingarorð sem enda á –ugur. *Íslenskt mál* 1:43–55.
- Gussmann, Edmund. 1988. Ritdómur um ‘The Theory of Lexical Phonology’ e. K. P. Mohanan (2006). *Journal of Linguistics* 24:232–239.
- Hay, Jennifer og Ingo Plag. 2004. What Constrains possible suffix combinations? On the interaction of grammatical and processing restrictions in derivational morphology. *Natural Language and Linguistic Theory* 22:565–596.
- Iversen, Ragnvald. 1973. *Norrøn grammatikk*. 7. útgáfa. Osló: Aschehoug.
- Jansson, Håkon. 2015. *Purism på glid? Studier i nutida isländskt ordbruk*. Göteborgsstudier i nordisk språkvetenskap 24. Gautaborg: Göteborgs Universitet.
- Katamba, Francis. 1993. *Morphology*. London: The MacMillan Press Ltd.
- Kiparsky, Paul. 1982. From Cyclic Phonology to Lexical Phonology. Í: Harry van der Hulst og Norval Smith (ritstj.): *The Structure of Phonological Representations I*, bls. 131–175. Dordrecht: Foris.
- Kiparsky, Paul. 1984. On the Lexical Phonology of Icelandic. Í: Claes Christian Elert, Trine Johanson og Eva Stringert (ritstj.). *Nordic Prosody III*, Umeå Studies in the Humanities 59, bls. 135–164. Umeå: University of Umeå.
- Kiparsky, Paul. 1985. Some Consequences of Lexical Phonology. *Phonology Yearbook* 2:85–139.
- Kristoffersen, Gjert. 2000. *The Phonology of Norwegian*. Oxford: Oxford University Press.
- Kristín Bjarnadóttir. 2005. *Afleiðsla og samsetning í generatífri málfræði og greining á íslenskum gögnum*. Rannsóknar- og fræðslurit 7. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Körtvélyessy, Lívía. 2019. Cross-linguistic research into derivational networks. Zedenec Zaborkrtský o.fl. (ritstj.): *Proceedings of the Second International Workshop on Resources and Tools for Derivational Morphology*, 1–4. Prag: Charles University.
- Körtvélyessy, Lívía, Alexandra Bagasheva og Pavol Stekauer (ritstj.). 2020. *Derivational Networks Across Languages*. Trends in Linguistics. Studies and Monographs. Berlin: de Gruyter Mouton.

- Manova, Stela og Mark Aronoff. 2010. Modeling affix order. *Morphology* 20:109–131.
- Mohanan, K.P. 1986. *The Theory of Lexical Phonology*. Studies in Natural Language & Linguistic Theory. Dordrecht: D. Reidel Publishing Company.
- Plag, Ingo og Harald Baayen. 2008. Suffix ordering and morphological processing. *Language* 85:106–149.
- Rubach, Jerzy. 1985. *Cyclic and Lexical Phonology*. Dordrecht: Foris.
- Veturliði G. Óskarsson. 2007. Af tveim tökuviðskeytum. *Íslenskt mál* 28:79–93.
- Þorsteinn G. Indriðason. 1994. Regluvirkni í orðasafni og utan þess. Um lexíkalska hljóðkerfisfræði íslensku. *Málfræðirannsóknir* 9. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Þorsteinn G. Indriðason. 2005. Historisk produktivitet. *Nordica Bergensia* 32: 39–65.
- Þorsteinn G. Indriðason. 2016a. 143. *Icelandic*. Í: Peter O. Müller, Ingeborg Ohnheiser, Susan Olsen og Franz Rainer (ritstj.). *Word-Formation. An International Handbook of the Languages of Europe*, bls. 2578–2600. Berlin: Walter de Gruyter.
- Þorsteinn G. Indriðason. 2016b. Á mörkum afleiðslu og samsetningar. Um orðlíka seinni liði í íslensku. *Orð og tunga* 18:1–41.
- Þorsteinn G. Indriðason. 2020. Derivational Networks in Icelandic. Í: Lívía Körtvélyessy, Alexandra Bagasheva og Pavol Stekauer (ritstj.). *Derivational Networks Across Languages*, bls. 179–189. Trends in Linguistics. Studies and Monographs. Berlin: de Gruyter Mouton.

Lykilorð

viðskeyti, valhömlur, viðskeytaraðir

Keywords

derivational suffixes, selectional restrictions, suffix combinations

Abstract

The article discusses suffix combinations in Icelandic with nominal and adjectival suffixes as first members of the combinations, how common these combinations are and which selectional restrictions are central in Icelandic derivational morphology. Combinations of twenty-six nominal suffixes and twenty-two suffixes that can attach to nominal suffixes were studied, in addition to combinations of nine adjectival suffixes and twelve other suffixes that can attach to adjectival suffixes: a total of 661 possible combinations when combinations of identical suffixes had been excluded. Of these 661 possible combinations, 36 were confirmed, using the corpora *Íslenskur orðasjóður* and *Beygingarlýsing íslensks nútímamáls* for documentation.

Possible reasons for the relatively small number of confirmed suffix combinations are discussed. Selectional restrictions play a major role in explaining this. For instance, some suffixes can not attach to base words that are themselves suffixed, although they otherwise can attach to base words of two syllables. Furthermore, it turns out that it is quite difficult to change the order of suffixes in a combination. These two restrictions significantly reduce the number of possible combinations in addition to some closed suffixes that do not allow further suffixation. In Icelandic, the so called ‚split suffixation‘ exists that partially compensates for the lack of suffix combinations. The split suffixation occurs where a linking element is inserted between two suffixes that can not in many instances attach to each other. The linking element then opens for further suffixation.

*Þorsteinn G. Indriðason
Institutt for lingvistiske, litterære og estetiske studier
Universitetet i Bergen
Postboks 7805
No-5020 Bergen
torsteinn.indridason@uib.no*

